



1.TBL. // 111. ÁRGANGUR // DES 2023

Hjálmur

fréttablað



[10]

Sameiginlegur skilningur að
teiknast upp



[14]

Ströng lota framundan



[24]

Þörf á breiðfylkingu

Félagið er að eflast og félagsmenn kunna vel að meta það sem við erum að gera.

Eypór Þ. Árnason



Verkalýðsfélagið Hlíf, í Hafnarfirði, er orðið eitt hundrað og sextán ára gamalt. Sjaldan hefur þó verið jafn mikill kraftur í félaginu og nú. Sótt er fram á mörgum vígstöðvum. Undanfarin ár höfum við stigið fjölmörg skref til að mæta kalli tímans. Breytingar hafa verið gerðar á aðkomu, móttöku og skrifstofum á Reykjavíkurveginum. Starfsfólki hefur fjölgað í takt við aukin og fjölbreyttari verkefni.

Í kjaramálunum á árinu sem er að ljúka, ber hæst góður áfangasigur varðandi kjör leikskólastarfsfólks í Hafnarfirði. Eftir baráttu sem hefur tekið nokkur ár, tókst loks að lagfæra umtalsvert kjör þessa hóps. Á næsta ári, 2024, eru næstum allir samningar lausir og þá er brýnt að horfa til fleiri lágláunahópa. Í því sambandi kemur til dæmis upp í hugann starfsfólk sem vinnur á hjúkrunarheimilum og í ræstingum.

Mikilvægur sigur náðist í baráttumáli sem hefur tekið langan tíma að fá niðurstöðu í og snýr að réttarstöðu þungaðra kvenna. Málið átti sér upphaf í ólíkum skilningi félagsins og Hafnarfjarðarbæjar um hvort starfsfólk sem þyrfti að breyta vinnutilhögun vegna þungunar ætti að nýta veikindadaga til þess. Málið fór alla leið í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambandsins. Niðurstaðan var fullnaðarsigur félagsins. Þungun er heilbriggt ástand og vinnustaðurinn verður að koma til móts við starfsmann sem

þarf að minnka við sig vinnu eða breyta vinnutilhögun að öðru leyti, án launaskerðingar.

Vinnustaðaeftirlit stéttarfélaganna hefur fest sig í sessi og ekki er vanþörf á. Fjöldi mála hefur komið upp í kjölfar heimsókna vinnustaðaeftirlitsins, málefna sem hafa ýmist komið til af misskilningi eða hreinlega ásetningi atvinnurekenda. Í ásetnings-tilvikum förum við með málin eins langt og þarf og njótum fulltingis lögmanna í því sambandi. Í mistaka-tilvikum eru mistökin einfaldlega leiðrétt og hafa ekki eftirmál. Mikilvægt er að auka heimildir eftirlitsfulltrúa, þannig að þeir megi og geti heimsótt fleiri vinnustaði en nú er.

Samsetning félagsmanna hefur breyst verulega á undanförnum árum, auk þess sem félagsmönnum hefur fjölgað. Atvinnulífið á félagssvæðinu hefur eflast og það hefur breyst. Miklar byggingarframkvæmdir eru í gangi og þær hafa sín áhrif á samsetninguna og fjöldann. Meginþorri félagsmanna er ungt fólk, meðalaldurinn 32-33 ár. Félagsmenn eru frá 76 þjóðlöndum, næstum helmingur félagsmanna kemur erlendis frá. Það gerir vissulega kröfur til félagsins. Á skrifstofunni er starfsfólk sem skilur og talar ýmis tungumál og Míнар síður félagsins eru á allmörgum tungumálum.

Hægt er að sækja um flestalla þjónustu félagsins rafrænt, fylla út umsóknir, sækja um orlofshús og fleira. Greiðsludögum sjúkrastyrkja

og fræðslustyrkja hefur verið fjölgað, þannig að núna eru þeir greiddir 2-4 sinnum í mánuði, í stað mánaðarlega áður. Sjúkradagpeningar eru greiddir mánaðarlega eins og áður, enda annars eðlis.

Þetta allt kunna félagsmennirnir að meta, eins og skýrt kemur fram í nýrri könnun sem Gallup gerði fyrir félagið. Ánægja með þjónustu félagsins hefur vaxið ár frá ári og hefur, síðan þessar árlegu mælingar hófust, aldrei verið meiri en núna. Næstum þrír af hverjum fjórum eru ánægðir með þjónustuna og næstum sex af hverjum tíu eru jákvæðir gagnvart því að taka þátt í starfi félagsins. Næstum tveir af hverjum þremur telja félagið standa sig vel í að berjast fyrir hagsmunum félagsmanna sinna.

Allt þetta er byr í seglin. Við finnum í daglegum störfum okkar að félagið er að eflast og félagsmenn kunna vel að meta það sem við erum að gera. Þetta er síðan rækilega staðfest í könnun Gallup. Þessi meðbyr gerir okkur enn ákveðnari í að halda áfram að bæta starfið og þjónustuna og að efla félagið sem tæki í baráttunni fyrir bættum kjörum félagsmanna.

Fyrir hönd stjórnar og starfsfólks Verkalýðsfélagsins Hlífar í Hafnarfirði, óska ég öllum félagsmönnum gleðilegrar hátíðar og velfarnaðar á árinu sem senn gengur í garð.

Leiðari eftir Eypór Þ. Árnason, formann Verkalýðsfélagsins Hlífar.

SKRIFSTOFA
VERKALÝÐSFÉLAGSINS
HLÍFAR
Reykjavíkurvegi 64

OPNUNARTÍMI:

Mánudaga til föstudaga
frá kl. 8:15 til 16:00
Sími: 5100 800
Netfang: hlif@hlif.is

Veffang: www.hlif.is
Ábyrgðarmaður:
Eypór Þ. Árnason
Útgefandi: Verkalýðsfélagið Hlíf

Ritstjórn: Guðmundur Rúnar Árnason
Umbrot: Baldvin Baldvinsson
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja
Ljósmyndir: Binni og fl.



Kvennaverkfall

Þriðjudaginn 24. október síðastliðinn var boðað til kvennaverkfalls, þar sem konur voru hvattar til að leggja niður launaða og ólaunaða vinnu allan daginn, líkt og gert var árið 1975 þegar fyrst var boðað til Kvennfrís. Það ár er talið að um 90% kvenna á Íslandi hafi lagt niður vinnu til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags kvenna fyrir samfélagið.

Að þessu sinni var þema aðgerðanna; mótmæli gegn vanmati á störfum kvenna, ásamt kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi gegn konum og kvárum.

Rútur úr Hafnarfirði

Verkalyðsfélagið Hlíf tók mjög virkan þátt í aðgerðunum. Félagið sendi bréf til atvinnurekenda, þar sem þeir voru hvattir til að sýna stuðning í verki, með því að hvetja til þátttöku, án þess að það hefði áhrif á laun og önnur kjör.

Flestir vinnustaðir tóku erindinu vel. Einkum voru það ræstingafyrirtæki og Hafnarfjarðarbær sem ekki sýndu erindinu skilning.

Félagið bauð upp á rútuferðir úr Hafnarfirði á útifundinn í Reykjavík. Tvær stórar rútur voru þéttsetnar. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir frá deginum.



Þannig virka MÍNAR SÍÐUR!


Á persónublaðinu á **Mínum síðum** á vefsvæði Hlífar er að finna margvíslegar upplýsingar um réttindi hvers og eins félagsmanns. Hægt er að sækja um orlofshús, sjúkrastyrki og sjúkradagpeninga. Jafnframt er hægt að fylgjast með réttindaávinnslu og skilum atvinnurekenda á iðgjöldum. Félagsmenn sem vinna eftir sveitarfélagasamningi geta fylgst með inneign í Félagsmannasjóði, sem er til útgreiðslu 1. febrúar.



Innskráning – félagsmaður skráir sig inn á *Mínar síður af heimasíðu félagsins*, www.hlif.is. Hægt er að nota rafræn skilríki, Íslykil eða lykilorð sem félagið gefur út. Fyrirhugað er að hætta notkun eigin lykilorða á næstu mánuðum og eftir það verður aðeins hægt að nota rafræn skilríki eða Íslykil.

Begar smellt er á **Rafræn innskráning**, flyst félagsmaður yfir á innskráningarsíðu Ísland.is og getur þar valið á milli þess að skrá sig inn með Íslykli eða farsímanúmeri.

Enn er hægt er að skrá sig inn með lykilorði, en það er samt háð því að félagið eigi netfang félagsmanns í gagnagrunni.



Persónublað félagsmanns

Persónublaðið veitir góða yfirsýn yfir stöðu hvers félagsmanns. Á því má finna yfirlit yfir félagsgjöld (sem endurspegla heildarlaun), skipt eftir mánuðum og atvinnurekendum. Jafnframt má sjá réttindi í sjóðum og hvernig þau hafa verið nýtt. Í flestum tilvikum er hægt að sækja ítarlegri upplýsingar um hvert atriði.

1. Félagsmaður á sérstakt svæði fyrir flest undirkerfi Tótal. Þannig er hægt að sjá alla styrki úr sjúkrasjóði, yfirlit yfir sjúkradagpeninga, orlofsleigur, fræðslustyrki og iðgjaldasögu yfir lengri tíma en birtist á persónublaðinu.
2. Tungumálafáni sýnir á hvaða tungumáli félagsmaður skoðar **Mínar síður**. Það hjálpar starfsfólki að ákveða á hvaða tungumáli til dæmis skeyti til viðkomandi félagsmanns fara. Þegar send eru fjöldaskeyti á marga félagsmenn og þau eru á þremur tungumálum – ræður þessi merking hvaða skeyti hver félagsmaður fær.
3. Hér er hægt að breyta hluta persónuupplýsinga, svo sem að setja inn eða breyta upplýsingum um símanúmer, netfang og bankareikning. Einnig er hægt að skrá annað pósthafend ef félagsmaður hefur aðsetur annars staðar en á lögheimili.

4. Hér er hlekkur til að bóka orlofsibúð eða orlofshús. Einnig kemur fram hversu marga leigudaga félagsmaður getur bókað.
5. Hér eru hlekkir til að sækja annars vegar um styrk úr sjúkrasjóði og hins vegar sjúkradagpeninga. Einnig kemur hér fram hversu mikil réttindi félagsmaður hefur. Félagsmaður sem er að hefja störf getur verið nokkra mánuði að öðlast 100% rétt.
6. Hér er hlekkur á umsókn úr menntasjóðum og hér sést í hvaða menntasjóðum félagsmaður á réttindi. Ef félagsmaður á rétt í tveimur menntasjóðum, samtals 100% - leggur félagið réttinn saman til að greiða fullan styrk.
7. Yfirlitsslugginn yfir Félagsmannasjóð birtist eingöngu hjá þeim sem starfa eftir **sveitarfélagasamningnum**, það er hjá starfsfólki; Hafnarfjarðarbæjar, Garðabæjar, Hjallastefnunni og öðrum sjálfstæðum skólum.
8. Hér er **flytisyfirlit** á það sem er í gangi hverju sinni – sem sagt tvær síðustu hreyfingar í hverjum flokki í kerfinu.



Að bóka orlofseign

Til að komast inn á bókunarsíðuna, er smellt á **hlekkinn** í orlofsrammanum á persónublaðinu.





Á bókunarsíðunni sjást landsvæðin með orlofseignum félagsins. Þegar smellt er á eitthvert svæðið (Munaðarnes í þessu dæmi) opnast listi yfir eignirnar þar og um leið sést bókunarstaða hverrar eignar á viðkomandi tímabili.

Bókunarsvæði

Hægt er að framkvæma ýmsar aðgerðir og fá upplýsingar þegar farið er á bókunarsvæðið á **persónublaðinu**, svo sem yfirlit yfir fyrri leigur og fleira.

1. Félagsmenn geta nálgast leigusamning sinn hér um leið og leiga er fullgreidd. Leigusamningur verður ekki til fyrr en leiga er greidd – en þá birtist hann hér í pdf formi.
2. Ef félagsmaður vill fá leigusamninginn í tölvupósti er nóg að smella á umslagið.
3. Óski félagsmaður eftir að setja athugasemd við leigu – til dæmis ábendingu til félagsins um eitthvað sem betur má fara – er hægt að gera það hér.
4. Þegar félagsmaður bókar orlofsleigu, þarf að greiða 1.000 króna staðfestingargjald. Um leið stofnast krafa í heimabanka félagsmanns, fyrir eftirstöðvum leigufjárhæðar. Kröfuna þarf að greiða í síðasta lagi 10 dögum fyrir upphaf leigu, annars fellur leigan niður.





Að sækja um styrk

Þegar smellt er á **Sækja um styrk** í sjúkrasjóðsrammanum á persónublaðinu, birtist þessi síða.

1. Sjóður og styrkttegund

Sjóður: Sjúkrasjóður

Styrkttegund: Hælsuettling

Húmarkaupphæð styrks: 23.600 kr.

Nauðsynleg fylgiskjöl með umsókn

- Greiðslukvittun

Nauðsynlegar upplýsingar um umsókn

- Skilyrði fyrir styrk er greitt hafi verið af félagsmanni samfelldt síðastliðna 6 mánuði til sjúkrasjóðs Hlífs. Styrkuppeð miðast við 7% af lágmarkslænum á hverjum tíma fyrir fullt starf (100%). Greitt er hlutfallslega fyrir hlá í hlutasóðum. Styrkur er veittur einu sinn á hverjum 1000 málum. Félagsmenn geta sýnt áttíðni áttíðni eða bókun aðila, skil draga þá fjárhæð frá heildarkostnaði. Lögðild greiðslukvittun þarf að birtast með umsókn.

2. Nauðsynleg fylgiskjöl

Leyfingar skrá eru pdf, jpg og png. Hægt er að setja inn fleiri en eina skrá.

Greiðslukvittun

Veldu skrá

Draga hingað

Smíða á "Velja skrá" eða draga skrá inn í vörð af öðru.

3. Nauðsynlegar upplýsingar

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja með umsókn

Kennitala útgefanda kvittunar

Ekki ídennur útgefandi eða útgefandi smátt ekki:

Kennitala útgefanda kvittunar

Nafn útgefanda kvittunar

Nafn útgefanda kvittunar

4. Persónuupplýsingar

Það fylgja fyrir afgreiðslu styrka að persónuupplýsingar séu réttar

Nafn

HÍF Jónsdóttir

Kennitala

010101-1010

Farsími

5100800

Önn: 001-0011 *

Netfang

hlf@hlif.is

Bankareikningur

0001-26-00000

Önn: 0111-21-00011 *

5. Húmarkaupphæð styrks

23.600 kr.

6. Önnheimt iðgjöld

Önnheimt iðgjöld - Ef iðgjöld hafa ekki skilað sér í kerfi Tótal er hægt að slá inn iðgjöldupphæð hema ásamt mánuði og hlaða upp launaseðli því til staðfestingar. Þessi iðgjöld verða tekið með í útreikninga á styrkuppeð.

Bæta við línu / Fjarlægja línu

Konger upplýsingar getur af umsóknanda geta valdið mið bitaverru í sjúkrasjóði.

Öllum umsóknendum þarf að fylgja lögleg greiðslukvittun þar sem fram kemur nafn viltakanda, kennitala og VSK nr.

Nafn umsóknanda / barns þarf að koma fram á greiðslukvittun.

Umsóknur vegna sjúkrasjóðs þarf að fylgja löglegri kvittun / hláun lögis.

Umsóknur vegna félagskostnaðar þarf að fylgja greiðslukvittun Tryggingastofnunar.

✓ Smíða umsókn

✗ Smíða við

1. Það fyrsta sem þarf að velja er tegund styrks úr fellinglugga, til dæmis Hjartavernd. Þá birtast upplýsingar um skýringarmyndinni. Þar kemur fram, hver er hámarksfjárhæð þessarar styrkttegundar, hvaða gögnum þarf að skila og hvaða skilyrði gilda um þennan tiltekna styrk. Þessar upplýsingar eru mismunandi eftir því hvaða styrkur þetta er.
2. Næst er að hlaða upp þeim gögnum sem þurfa að liggja fyrir til að hægt sé að afgreiða umsókn, til dæmis greiðslukvittun.
3. Skrá þarf upplýsingar um útgefanda kvittunar.
4. Upplýsingar um umsækjanda þurfa að liggja fyrir, svo sem; nafn, kennitala, farsími, netfang og bankaupplýsingar. Öðruvísi er ekki hægt að ljúka afgreiðslu. Liggja þessar upplýsingar fyrir í kerfinu, birtast þær sjálfkrafa hér.
5. Hér birtast upplýsingar um réttindi umsækjanda í sjóðnum til að fá þann styrk sem verið er að sækja um.
6. Hafi atvinnurekandi ekki skilað inn réttum iðgjöldum, er hægt að leiðrétta það með því að hlaða upp launaseðli og slá inn iðgjaldafjárhæð. Mistök eða trassaskapur atvinnurekanda á ekki að bitna á félagsmanni.

www.hlif.is

Sjúkradagpeningar

Umsóknarform fyrir sjúkradagpeninga lítur að flestu leyti út eins og formið fyrir styrkina. Mestu munar, að skila þarf inn ýmsum viðbótarvottorðum, svo sem læknisvottorði og vottorði atvinnurekanda, auk upplýsinga um persónuafslátt.

Umsókn í menntasjóði

Umsóknarformið fyrir styrki úr menntasjóði er í langflestum atriðum sambærilegt við umsóknir úr sjúkrasjóði. Félagsmenn í Hlíf geta átt rétt á styrkjum úr þremur menntasjóðum, eftir því hvaða kjarasamningi þeir starfa samkvæmt. Kerfið velur réttan sjóð. Umsækjandi þarf fyrst að velja tegund styrks úr fellinglugga. Næst þarf hann að hlaða upp kvittun og skrá upplýsingar um útgefanda kvittunar. Loks þarf umsækjandi að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir um netfang, símanúmer og bankareikning, til að hægt sé að afgreiða styrkinn.

Félagsmannasjóður

Félagsmannasjóður er fyrir félagsmenn sem fá greidd laun samkvæmt kjarasamningum félagsins við Samband íslenskra sveitarfélaga. Greitt er úr sjóðnum 1. febrúar ár hvert, næst 2024. Félagsmenn sem félagið er með allar upplýsingar um, fá hana greidda án þess að gera nokkuð. Vanti upplýsingar um bankareikning, stofnast umsókn um leið og þessar upplýsingar eru rétt færðar í kerfið. Félagsmaður getur gert það sjálfur á persónublaðinu í Tótal.

Er ekki kominn tími til að spara?



Séreignarsparnaður er einn hagkvæmasti sparnaður sem völ er á.

Þægindi

- Launagreiðandi sér um að standa skil á sparnaðinum.
- Enginn upphafskostnaður.
- Heimilt að ráðstafa inn á höfuðstól húsnæðislána.
- Heimild til úttektar við kaup á fasteign (við ákveðin skilyrði).



Erfðaréttur

- Sparnaðurinn erfist að fullu til lögerfingja eftir reglum erfðalaga.



Skattahagræði


- Iðgjald í séreignarsjóð er ekki skattlagt við innborgun í sjóð.
- Tekjuskattur er greiddur við útgreiðslu sparnaðarins.
- Enginn fjármagnstekjuskattur er greiddur af vaxtatekjum.

Tryggðu þér 2% mótframlag frá launagreiðanda á móti 2% til 4% eigin framlagi.



GILDI

Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík • Sími 515 4700 • www.gildi.is • gildi@gildi.is



Hefurðu kannað hvaða rétt þú átt í fræðslusjóðunum?

- Allt starfstengt nám er styrkhæft, svo sem skólagjöld vegna náms til eininga, bóklegur hluti ökunáms, meirapróf og vinnuvélaréttindi, tölvunám, tungumálanám og fleira.
- Styrkhlutfall fer eftir áunnum rétti félagsmanns.
- Styrkur getur numið 90% af námskeiðsgjaldi, en þó ekki meira en 130.000 krónur á ári. Uppsafnaður ónýttur réttur í þrjú ár, veitir félagsmanni rétt til allt að 390.000 króna styrks.

Á mínum síðum sérðu hvaða rétt þú átt – og getur sótt um beint af vefnum þegar þér hentar.

Verkalýðsfélagið HLÍF





Vinnustaðaeftirlit skilar árangri

Verkalýðsfélagið Hlíf hefur nú tekið þátt í virku vinnustaðaeftirliti í um eitt og hálft ár, í samvinnu við ýmis önnur félög og Alþýðusamband Íslands. Eftirlitsfulltrúi hefur aðsetur á skrifstofu Hlífar í Hafnarfirði. Alvarlegustu brotin sem Vinnustaðaeftirlitið upplýsir, eru í bygginga- og ræstingageirinum. Í þessum störfum er starfsfólk af erlendum uppruna mest áberandi og sá hópur veit eðlilega minna um leikreglur og gerendur á íslenskum vinnumarkaði en þeir sem hafa þekkt hann lengi. Þessi hópur er því sérstaklega útsettur fyrir brotum og í sumum tilvikum mistökum atvinnurekenda.

Oft vita þessir erlendu einstaklingar ekki hvert þeir eiga að leita, telji þeir á sér brotið. Mjög mörg þeirra mála sem verða til vegna heimsóknna og aðgerða vinnustaðaeftirlitsins, koma upp á yfirborðið nokkru eftir heimsókn. Skýringin er væntanlega sú, að fólk veigrar sér við að gefa sig fram við eftirlitsfulltrúa fyrir opnum tjöldum, meðal annars af ótta við atvinnurekendur og kjósa heldur að hafa samband við skrifstofuna síðar. Sumir hafa samband við félögin eftir að hafa kynnt sér efni sem eftirlitsfulltrúar hafa skilið eftir í vinnustaðaheimsókn. Miklu skiptir, að

starfsmönnum sé gerð grein fyrir að í flestum tilvikum geti þeir haft samskipti við starfsfólk félaganna á sínu eigin tungumáli.

Ný heimasíða og upplýsingaefni

Í byrjun ársins 2023 fór í loftið ný heimasíða á vegum Alþýðusambandsins. Heimasíðan er á 11 tungumálum og á henni eru grunnupplýsingar fyrir þá sem koma til Íslands til að vinna, svo sem almennar upplýsingar um leikreglur á vinnumarkaði, upplýsingar um ráðningarsamninga, hvernig á að lesa launaseðla og annað sem skiptir máli í ráðningarsambandi. Einnig hafa verið gerðir bæklingar á ýmsum tungumálum, sem ásamt heimasíðunni sjálfri eru mikilvæg verkfæri í daglegum störfum eftirlitsfulltrúanna. Af heimasíðunni er hægt að senda nafnlausar ábendingar beint til ASÍ um hvaðeina sem fólk vill koma á framfæri, svo sem ábendingar um brot fyrirtækja gegn starfsfólki.

Eftirlitsfulltrúar ýmissa félaga eru í nánú samstarfi. Svodæmiséutekinvinnurfulltrúi Hlífar mjög náið með Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis, Verkalýðsfélagi Grindavíkur, Verkalýðsfélagi Suðurlands, FIT, VR og félögunum í Húsi fagfélaganna. Öll þessi

félög vinna náið með Alþýðusambandinu, sem aðra hvora viku stendur fyrir fjarfundum eftirlitsfulltrúa alls staðar að af landinu. Auk þess eru sérstakir fundir eftirlitsfulltrúa á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, einkum í því skyni að stytta viðbragðstíma á svæðinu gagnvart ábendingum um brot.

Allmörg dæmi um mansal

Eins og kemur fram annars staðar í blaðinu, hafa komið upp allmörg tilvik á Íslandi þar sem grunur leikur á mansali, bæði svokölluðu vinnumansali og kynlífsmansali. Nokkur slík tilvik hafa komið upp í vinnu eftirlitsfulltrúa verkalýðsfélaganna, meðal annars á félagssvæði Hlífar. Sum þeirra mála eru enn til rannsóknar og meðferðar hjá yfirvöldum.

Í skýrslu eftirlitsnefndar Evrópuráðsins með mansali, er áréttað mikilvægi skýrra heimilda yfirvalda og vinnustaðaeftirlits – og bent á að því sé mjög ábótavant á Íslandi. Jafnframt er nauðsynlegt að koma inn í gerð komandi kjarasamninga, að eftirlitsfulltrúar hafi fullan aðgang að vinnustöðum og engar atvinnugreinar séu undanþegnar, eins og nú er.

Maður var alltaf á landleið

Rætt við Vilhjálm Birgisson, formann Starfsgreinasambandsins, um lífið og tilveruna og verkefnið framundan



Vilhjálm Birgisson er óþarft að kynna. Hann var kjörinn formaður í Verkalýðsfélagi Akraness árið 2003, eftir harðvítug átök og hefur verið formaður allar götur síðan. Hann hefur gegnt ýmsum trúnaðarstöðum í verkalýðshreyfingunni, verið varaforseti ASÍ og var á dögnum endurkjörinn formaður Starfsgreinasambandsins með afgerandi yfirburðum.

Vilhjálmur hefur í gegnum tíðina verið óragur við að láta afstöðu sína í ljósi og ekki hikað við það þótt hann viti að sumar skoðanir hans eiga ekki endilega hljómgrunn meðal annarra forystumanna. Framan af einbeitti hann sér að starfinu í félaginu á Akranesi, en hefur á síðari árum einnig látið til sín taka



í hreyfingunni á landsvísi. „Þegar ég tók við félaginu 19. nóvember 2003, var aðeins eitt verkefni: Að byggja félagið upp, bæði félagslega og fjárhagslega,” segir Vilhjálmur. „Að mínum dómi hefur það tekist mjög vel. Ég ætla ekki að segja að ég þekki alla mína félagsmenn með nafni, en ég þekki mjög marga þeirra og mjög margir koma hingað í viku hverri. Ég tel mig hafa góða tilfinningu fyrir því hvað þeir vilja. Það skiptir óskaplega miklu máli að vera í góðu sambandi. Þannig nær maður betur að skynja stöðuna á hverjum tíma fyrir sig. Það er helsti styrkleiki stéttarfélaga sem eru á bilinu 3-5.000 manns.”

Skagamaður í húð og hár

Villi, eins og hann er oftast kallaður, erfæddur á sjúkrahúsinu á Akranesi 5. ágúst 1965. Hann og konan hans giftu sig 1984 og hafa eignast fjóra drengi. Einn þeirra er látinn. „Ég er því Skagamaður í húð og hár, þykir hvergi betra að búa. Ég finn fyrir því þegar ég kem keyrandi inn í bæinn eftir að hafa verið á fundum, til dæmis í Reykjavík, fastur í umferð í 30-40 mínútur, að það slaknar á manni. Ég hef vissa samúð með fólki sem býr á höfuðborgarsvæðinu að búa við þá umferðarmenningu sem þar er.” Það tekur að sögn Vilhálms lengri tíma að aka frá höfðustöðvum ASÍ upp í Mosfellsbæ, en það tekur síðan að keyra frá Mosfellsbæ upp á Akranes. Hann segir gott að búa á Akranesi, þar séu innviðir sterkir og gott að ala upp

börn. Það hafi þó verið stór skellur þegar kvótinn fór. „Fyrirtækið Haraldur Böðvarsson var stofnað 1904 að mig minnir, lifði af tvær heimsstyrjaldir, en því miður lifði það ekki af þá græðgisvæðingu sem viðgengst í íslensku sjávarútvegskerfi.” Það séu þó enn firnasterk fyrirtæki á félagssvæðinu; Norðurál með um 460 félagsmenn og Elkem með 140-150 og síðan fjölmörg fyrirtæki með afleidda þjónustu. „Grundartanginn er okkar lífæð, ef þannig má að orði komast.”

Sem unglingur og ungur maður vann Villi margvísleg störf, mörg hver tengd sjávarútvegi. „Ég er sjómannssonur, faðir minn gerði út báta og ég fór á mína fyrstu vertíð 15 ára gamall. Svo var ég mikið í að beita og úti á sjó til skiptis. Síðan vann ég lengi vel í fiskvinnslu hjá Heimaskaga, við að hengja upp skreið og annað slíkt. Ég hef verið á síld, á skuttogara og hef þannig unnið við flest í kringum sjávarútveginn. Árið 1992 gerðist ég síðan háseti á Akraborginni. Það er skemmtilegasta sjómennska sem ég hef kynnst, því maður var alltaf á landleið.”

Þegar Akraborginni var lagt, 10. júlí 1998, var tekin ákvörðun um að starfsfólkið af Akraborginni fengi störf í gjaldskýlinu við Hvalfjarðargöngin. „Það var ævintýralegur tími,” segir Vilhjálmur. „Við vorum á sólarhringsvöktum og umferðin var svo margfalt meiri en allir útreikningar og spár höfðu gert ráð fyrir. Innheimtakerfið var ekki

próað fyrir slíkan fjölda. Hamangangurinn, sem þarna var fyrstu mánuðina eftir að göngin opnuðu, var ólýsanlegur. Álagið á starfsfólki var mikið, en þetta var skemmtilegur tími. Þarna vann ég þar til ég var kjörinn formaður 2003.”

Hjálpaði að komast í öruggt húsnæði

Vilhjálmur þekkir vel af eigin raun að vera eina fyrirvinnan. Þau hjónin áttu orðið fjögur börn þegar hann var 26 ára gamall. „Staðan var einfaldlega sú, að ávinningurinn af því að makinn færi út á vinnumarkaðinn og hafa börnin í leikskóla var í mínus. Þetta var erfitt tímabil og við vorum oftast orðin peningalaus síðustu daga mánaðarins. Þetta var líklega um 10 ára tímabil.“ Síðan fékk fjölskyldan úthlutað íhúsnæði í verkamannabústaðakerfinu. „Það kerfi fær tíu í einkunn hjá mér. Ég held að það sama sé að gerast hjá fólki sem kemst að hjá Bjargi. Þar er á ferðinni eitt af þeim góðu málum sem hreyfingin hefur komið í gegn og við erum ekki nógu dugleg að segja frá.“

Vilhjálmur var endurkjörinn formaður Starfsgreinasambandsins á þingi þess fyrir skemmstu. Aðspurður segir hann niðurstöðuna hafa styrkt stöðu hans sem formanns umtalsvert. „Mér finnst sjálfsgott að fólki takist á, en ég vil að það sé á málefnalegum grundvelli, en ekki persónulegum. Þegar ég þakkaði stuðninginn á þinginu vitnaði ég í Nelson Mandela sem var spurður hvort hann bæri persónulegt hatur í garð þeirra sem héldu honum föngnum í áratugi. „Ég ætla að skilja hatrið eftir inni í fangaklefanum. Ef ég geri það ekki, þá verð ég aldrei frjál.“ Mér finnst gott að hafa þetta á bak við eyrað, að víkja ágreiningi til hliðar.“

Eigum að vera með kassann úti

Villi segir að eftir að Efling kaus að fara út, standi félögin 18 sem eftir eru þétt saman. Geri þau það ekki, er viðbúið að illa færi fyrir mörgum félögum innan Starfsgreinasambandsins. „Mörg félög innan þess eru mjög háð Starfsgreinasambandinu með ýmiss konar þjónustu, aðallega minni félögin. Mörg þeirra stærri geta staðið á eigin fótum, en samt sem áður er það þannig, að ef þú ætlar að fá áheyrn þá þarftu að vera í sterku sambandi. Við megum ekki gleyma því, að við erum enn þá stærsta landssambandið innan Alþýðusambands Íslands. Við eigum að vera með kassann úti, erum traust og ábyrgt landssamband. Við þurfum líka að hafa kjark og þor til að sýna afl okkar ef við teljum að ekki sé farið að sanngjörnum kröfum sem byggjast að

stórum hluta á því að almennt verkafólk geti framfleytt sér frá mánuði til mánaðar og haldið mannlegri rein.“

Vilhjálmur segir að eitt af hlutverkum Starfsgreinasambandsins sé að verja stöðu landsbyggðarinnar og íbúa þar. „Það er til dæmis okkar hlutverk að berjast gegn því að þungaðar konur þurfi að koma til Reykjavíkur löngu fyrir barnburð með umtalsverðum kostnaði og fyrirhöfn. Þetta er óásættanlegur aðstöðumunur.“

Þau eru orðin allmörg Starfsgreinasambandsþingin sem Villi hefur setið. Hann segir þetta þing standa upp úr, bæði vinnan og áherslurnar. Þá skipti ekki máli hvort horft sé til stefnunnar í byggðamálum, kjaramálum, heilbrigðismálum eða öðrum þeim málum sem þingið fjallaði um. Forystan hafi sterkt umboð til að fylgja eftir þessari skýru stefnumörkun. Hann segir þingið sjálft hafa tekist vel. Fulltrúar hafi verið jafn margir og áður, þrátt fyrir að Efling hafi kosið að fara út. „Við í Verkalýðsfélagi Akraness vorum til dæmis með sex nýja fulltrúa og enginn þeirra var eldri en 35 ára. Þetta voru nýir stjórnarmenn sem tóku við á síðasta aðalfundi, því á síðasta aðalfundi hættu sex stjórnarmenn af átján, allt fólk sem ég var búinn að starfa með frá því að ég tók við félaginu, en er nú hætt á vinnumarkaði. Það var erfitt, en um leið ánægjulegt að fá inn sex unga stjórnarmenn. Þarna hætti á einu bretti hópur fólks sem hefur mætt á fund að lágmarki mánaðarlega frá árinu 2003. Við ákváðum að gera þau öll að heiðursfélögum á næsta aðalfundi. Það skiptir máli fyrir hreyfinguna að fá ungt fólk til starfa, fólk sem tekur síðan við keflinu. Ég hef horft á

þing Alþýðusambandsins í gegnum tíðina og þar hefur mér ekki þótt aldursamsetningin til sóma. Ég er þar ekkert undanskilinn.“

Hugað að ungum sem öldnum

Í starfsáætlun Starfsgreinasambandsins fyrir næstu tvö ár, er kveðið á um að ungliðastarf verði eftir, til dæmis með árlegum ungliðafundi. „En þá þarf líka að vera vilji til staðar hjá ungu fólki. Það þarf að ná því saman. Bilið á milli kynslóða er talsvert og unga fólkið er á allt öðrum miðlum en við og upplifir hlutina með allt öðrum hætti. Þegar við erum að reyna að ná til þeirra, þá gerum við líklega eitthvað vitlaust.“

Á þingi Starfsgreinasambandsins var jafnframt samþykkt ályktun um stuðning við kröfur eldri borgara og öryrkja. „Þegar svona ályktanir eru gerðar, þarf að passa að þær séu ekki bara til skrauts“, segir Vilhjálmur. „Þær þurfa að hafa eitthvað gildi. Þess vegna skorum við á heildarsamtökin að koma þessum atriðum á framfæri við stjórnvöld og koma þeim þannig í kröfugerð. Áherslur Landssambands eldri borgara eru svo sjálfsagðar að það er ekki hægt annað en að taka undir þær. Þetta eru fyrrum félagsmenn okkar, hafa lagt mikið af mörkum og við megum ekki vera eins og tryggingafélögin, þannig að um leið og síðasta iðgjaldagreiðslan berst, þá sé fólki sparkað út með skít og skömm.“

Sameiginlegur skilningur að teiknast upp

Talið berst að Alþýðusambandinu. „Ég hef þá tilfinningu að vilji sé til að vinna saman að því risaverkefni sem er fram undan. Ég held að við skiljum það öll, að ef það á að nást árangur



Íbúðafélagið Bjarg afhenti 11 íbúðir á Akranes sl. október.



gagnvart stjórnvöldum, þá sé útilokað að eitthvað eitt félag eða landssamband geti gert það. Þessi sameiginlegi skilningur er að teiknast upp. Ég hef lagt á það áherslu, að við þurfum líka að halda hvert öðru upplýstu um hvert við stefnum, því það getur aldrei verið gott að við formgerum eitthvað samstarf og þegar farið er að skilgreina leiðirnar, þá springi allt í loft upp og fólk fari hvert í sína áttina. Það er miklu betra að setja upp þær áherslur sem menn eru sammála um og hafi einhverja beinagrind frekar en að byrja með tómmt A4 blað eftir að hafa handsalað samkomulag um að vinna saman." Vilhjálmur segir nauðsynlegt að lagfæra tilfærslukerfin, barnabætur, húsaleigubætur og annað slíkt.

Rót vandans

„Síðan er náttúrulega krafan að reyna að ráðast að rót vandans, reyna að átta okkur á því af hverju ástandið á Íslandi er eins og það er. Hvað er það sem veldur því að við búum stöðugt við 150-200% hærri vaxtakjör en í þeim löndum sem við berum okkur saman við?"

Nýlega lagði Vilhjálmur fram nýstárlega hugmynd, sem fékk talsverða athygli og þing SGS tók undir. „Ég tel að það þurfi að ráðast í úttekt á gjaldmiðlinum okkar. Best væri ef aðilar vinnumarkaðarins tækju sig saman um að krefjast slíkrar úttekta eða láta hana fara fram. Við þyrftum að fá erlenda sérfræðinga til að gera úttekta og mér þætti ekkert óeðlilegt að verkalýðshreyfingin og samtök atvinnulífsins kostuðu hana. Hver getur tapað á því að gera svona úttekt? Ef ástandið er ekki íslensku krónunni að kenna, þá kæmi það væntanlega

fram í slíkri úttekt. Ég skil ekki þá sem eru á móti því að fá slíkt mat, en ég veit að það er verulegur titringur í Samtökum atvinnulífsins út af þessu."

Vilhjálmur segist ekki sjá fyrir sér að innlendur aðili geti unnið þessa úttekt. „Þú biður ekki Seðlabankann um að gera svona úttekt, hann væri þá að rannsaka sinn eigin tilverugrundvöll."

Þarf að auka lýðræði í lífeyrissjóðum

Vilhjálmur hefur oft viðrað skoðanir sínar á fyrirkomulagi lífeyrismála og ekki alltaf verið sammála ríkjandi viðhorfum í verkalýðshreyfingunni. „Ég er hugsí yfir sjóðasöfnuninni. Þegar við erum með alla þessa fjármuni inni í hagkerfinu, þá þarf að ávaxta þá." Það geti kallað á hærra vöruverð og hærra vaxtastig. „Við þurfum að passa okkur á að vera ekki með þannig kerfi, að fólk sé lúbarið til að standa undir kerfinu meðan það er í vinnu og síðan er það svo lúbarið þegar það fer á lífeyri, að það stendur ekki í fæturna." Hann bendir á að meira en helmingur hlutabréfa í Kauphöllinni sé í eigu íslenskra lífeyrissjóða. Villi segist efast um að fyrir þessu sé innistæða. Ef lífeyrissjóðirnir ætluðu að innleysa eign sína í Kauphöllinni, þá hryndi gengi bréfanna. „Lífeyrissjóðirnir halda sem sagt uppi gengi hlutabréfa í Kauphöllinni. Ég gagnrýni líka lífeyrissjóðina fyrir að vilja ekki taka betur þátt í uppbyggingu húsnæðis, sem er tryggasta eign sjóðanna. Það kom fram í hruninu að allt tap lífeyrissjóðanna var í gegnum hlutabréf, allt í gegnum braskið. Það tapaðist ekkert í sjóðfélagalánum. Ég vil skoða aðkomu lífeyrissjóðanna að nýju húsnæðislánakerfi,"

segir Vilhjálmur. Hann segir mikilvægt að ná áhrifum húsnæðis út úr vísitölunni. Frá árinu 2014 séu um 40% verðbólgu vegna húsnæðis og 33% (ef hrunárin séu undanskilin) frá aldamótum. „Þetta er stóruandlegt. Verðbólgan á Íslandi hefur verið nákvæmlega sú sama og á Norðurlöndunum, ef búið að er að taka húsnæðisliðinn út. Vextir á Íslandi voru að meðaltali 7,15% en 1,35-2,5% á hinum Norðurlöndunum." Vilhjálmur segist binda vonir við að hægt verði að ná þessu út í tengslum við næstu samninga.

„Lífeyrissjóðirnir hafa eitt hlutverk," segir Vilhjálmur „að ávaxta fé sjóðfélaga. Er eðlilegt að lífeyrissjóðir eigi hlut í fyrirtækjum sem hafa viðurkennt opinberlega stórfelld brot gagnvart sjóðfélögum, eins og Eimskip? Sitji undir því þegjandi og hljóðalaust? Mitt svar er nei. Það þarf að refsa þeim og ég held að lífeyrissjóðir þurfi að vera miklu virkari í því." Villi er þeirrar skoðunar að atvinnurekendur eigi að víkja úr stjórnnum sjóðanna. „Það þarf að auka lýðræði í sjóðunum, með því til dæmis að láta sjóðfélaga kjósa að minnsta kosti tvo stjórnarmenn í beinni kosningu." Hann segir atvinnurekendur það sterka í stjórnunum að í raun stjórnir þeir og það sé engin tilviljun að þeir vilji hafa þetta svona. Í gegnum þennan styrk hafi þeir aðgang að fjármunum. „Mér finnst verkalýðshreyfingin vera alltof meðvirk með þessu fyrirkomulagi. Aðalmálið er, að þetta eru kjarasamningsbundin réttindi launafólks og það erum við sem eigum að stjórna þessum fjármunum," segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Starfsgreinasambandsins að lokum.



ÍSLENSK VERÐBRÉF BJÓÐA FJÖLBREYTTA FJÁRFESTINGARKOSTI OG SPARNADARMÖGULEIKA

Hægt er að eiga viðskipti með sjóði í rekstri ÍV sjóða hf.
í gegnum **Verðbréfavef ÍV á iv.is**

VERÐBRÉFAVEFUR ÍV Á **WWW.IV.IS**



ÍSLENSK VERÐBRÉF

— síðan 1987 —

Kjaramálin í brennidepli



Verkalýðsfélagið Hlíf hefur á árinu sem er að líða tekið þátt í gerð fjögurra kjarasamninga, í flestum tilvikum skammtímasamningum, í samfloti með öðrum aðildarfélögum Starfsgreinasambands Íslands.

Í júní 2023 var gengið frá einum kjarasamningi við ríkið og öðrum við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV). Sá síðarnefndi byggir að langmestu leyti á ríkissamningnum. Báðir samningarnir gilda afturvirkir frá 1. apríl 2023 og renna út 31. mars 2024. Í báðum eru nokkrar lagfæringar gerðar á launatöflum og í þeim er ákvæði um að aðilar skuldbinda sig til að fara yfir stofnanasamninga félaga Starfsgreinasambandsins (SGS) á heilbrigðisstofnunum, til að meta hvort launamunur sé til staðar á sömu störfum í kjarasamningum annarra stéttarféлага. Finnist dæmi um slíkt, skal leiðréttá muninn frá 1. apríl 2023. Mjög fáir félagsmenn í Hlíf starfa hjá ríkinu, en þeim mun fleiri á hjúkrunarheimilum sem rekin eru af fyrirtækjum í SFV, Sólvangi og Hrafnistuheimilunum í Hafnarfirði og Garðabæ, en á þeim vinna hundruð félagsmanna Hlífar.

Þriðji samningurinn var við Sorpu, en Hlíf er í samfloti við Eflingu um þann samning, vegna starfsmanna á endurvinnslustöðinni á Breiðhelli í Hafnarfirði. Þessi samningur gildir líka til 31. mars 2024.

Mikilvæg tímamót í samskiptum við Hafnarfjarðarbæ

Fjórði samningur ársins 2023 var samningur Starfsgreinasambandsins við Samband

íslenskra sveitarféлага. Í viðræðum aðila var ákveðið að gera samning til skamms tíma. Jafnframt var ákveðið að hækka sérstaklega laun tiltekinnna láglaunahópa, með svokölluðum viðbótarlaunum á einstök starfsheiti. Þar var annars vegar um að ræða almennt starfsfólk í leikskólum og starfsfólk í heimaþjónustu.

Eins og kunnugt er, breytti Hafnarfjarðarbær einhliða starfsheitið almenns starfsfólks í leikskólum bæjarins í leikskóla- og frístundaliði og jafnframt var starfslýsingunni breytt. Í breyttri starfslýsingu fólst nokkur viðurkenning á því sem félagið hefur haldið fram, það er að álag og ábyrgð hafi aukist og verkefnum fjölgað. Félagið gerði athugasemdir við aðferðafræðina, því annars vegar var ekki haft samráð við félagið, og hins vegar hafði Starfsmat, sem er sameiginlegur vettvangur margra aðila, ekki gefið út bráðabirgðastarfslýsingu, eins og áskilið er. Því var komin upp undarleg staða. Starfsheitið var ekki til í kjarasamningum SGS og Sambands sveitarféлага. Ekki var hægt að fá skýr svör við því hver væri samningsaðilinn. Hafnarfjarðarbær sagði að Samband sveitarféлага færi með umboð, en Sambandið sagðist ekki hafa með þetta mál að gera, það væri alfarið á ábyrgð Hafnarfjarðarbæjar.

Hlíf neitaði að skrifa undir

Þegar kom að því að skrifa undir samning Sambands sveitarféлага og SGS, sagðist formaður Hlífar ekki geta skrifað undir fyrirliggjandi samning, þar sem þar væri ekkert fyrir meginþorra leikskólastarfsfólks í Hafnarfirði.

Vilhjálmur Birgisson, formaður SGS, tók strax ákvörðun um að fresta undirritun, meðan Hlíf og Hafnarfjarðarbær freistuðu þess að ná samkomulagi. Ljóst er að sú ákvörðun skipti miklu máli um það sem gerðist í framhaldinu. Öll spjót stóðu á Hafnarfjarðarbæ. „Nú var ekki nóg með að við værum að þrýsta á bæinn“, segir Eypór Árnason, formaður Hlífar. „Það þrýstu allir á bæinn; Sambandið, SGS, við og starfsfólkið. Ef við hefðum skrifað undir samninginn eins og hann lá fyrir, má segja að okkar fólk í leikskólunum hefði verið betur sett án breytingarinnar sem bærin setti einhliða á snemma á árinu.“

Nokkur spenna skapaðist í samskiptum aðila og Hafnarfjarðarbær beitti vafasömum aðferðum, meðal annars í samskiptum við trúnaðarmenn til að reyna að hafa áhrif á gang mála. Þetta stóð í nokkurn tíma og SGS frestaði undirritun nokkrum sinnum. Að lokum tókst að ljúka samkomulagi milli Hafnarfjarðarbæjar og Hlífar. Samkomulagið er ekki hluti af samningi SGS og Sambands íslenskra sveitarféлага, heldur viðbótarsamkomulag, einungis milli Hlífar og bæjarins. „Við erum ánægð með þennan samning og ég held að ég geti fullyrt að sá hópur sem hann nær til er það líka. Það var að minnsta



kosti okkar upplifun þegar við kynntum hann á félagsfundi og niðurstaðan í atkvæðagreiðslu var afgerandi. Með þessu samkomulagi hækka laun almenns starfsfólks í leikskólum umtalsvert og það er sannarlega verðskuldað,” segir Eypór.

„Þetta er erfitt og krefjandi starf, þótt það sé örugglega gefandi að vinna með börnunum.“ Eypór segir að stuðningur Starfsgreinasambandsins hafi skipt sköpum. „Það lá samt alltaf fyrir að við ætluðum ekki að láta vaða yfir okkur og leikskólastarfsfólkið á skítugum skónum. Við vorum alveg undir það búin, að SGS gæti ekki beðið lengur og við stæðum ein eftir. Það hefði getað dregist á langinn og verið erfitt, aðallega fyrir bæinn, því við vorum tilbúin í aðgerðir ef á þyrfti að halda. Þá hefði bæst við þrýstingur á bæinn frá foreldrum leikskólabarna.“

Ströng lota fram undan

Eins og fram hefur komið, eru flestir samningar Hlífarfélaga lausir í byrjun næsta árs. Samningar á almennum markaði eru lausir í lok janúar og

flestir hinna í lok mars. Eypór segir þetta ekkert einfalt mál. „Það er hrópanði mótsögn í því, að á sama tíma og talað er um að semja til lengri tíma og stöðugleika á vinnumarkaði með hóflegum launahækkunum, ætla sveitarfélögin að fara fram með hækkanir á gjaldskrár svo nemur tugum prósentu í einhverjum tilvikum.“ Hann segir að útilokað sé að ná þessu saman, nema allir taki þátt í verkefninu.

Aðspurður um helstu áherslur í kröfugerð, segir Eypór að kröfurnar séu í aðalatriðum tvíþættar. „Við erum annars vegar að semja við Samtök atvinnulífsins og grunnstefið í kröfugerðinni er krónutöluhækkanir. Síðan eru samningar lausir við ríkið, SFV og sveitarfélögin í kjölfarið. Hin hliðin á kröfugerðinni er síðan það sem heildarsamtökin halda utan um gagnvart ríki og opinberum aðilum. Þá erum við meðal annars að tala um aðgerðir í skattamálum, húsnæðismálum og velferðarkerfið. Persónuafsláttur hefur ekki fylgt launaþróun og þar er einföld aðgerð sem gagnast öllum. Það þarf að draga úr skerðingum

hjá eldri borgurum og öryrkjum. Hækkun persónuafsláttar kæmi þessum hópum að gagni strax. Síðan er náttúrulega hálfgerð neyðarástand í húsnæðismálum. Við höfum kallað fjölda útlendra starfsmanna hingað til vinnu og getum ekki séð þeim fyrir sómasamlegu húsnæði. Ástandið í Grindavík bætist ofan á þetta,” segir Eypór.

Að sögn Eypórs er mikill samhugur, bæði í Starfsgreinasambandi Íslands, sem fer með umboðið gagnvart atvinnurekendum, og í Alþýðusambandinu, sem heldur utan um samskiptin við ríkisstjórnina um þær aðgerðir sem þurfa að koma til af hennar hálfu til að samningar náist saman. „Það er samt holur hljómur hjá þeim aðilum sem tala hátt um mikilvægi þess að allir þurfi að leggja sitt af mörkum til að ná niður verðbólgu, en ganga síðan sjálfir á undan með gjaldskrárhækkunum sem þeir telja sig eiga inni, líkt og sveitarfélögin. Við ætlum ekkert að rjúka til og semja meðan staðan er þannig,” segir Eypór að lokum.

Mansal á Íslandi

Íslensk stjórnvöld fá fallettinn hjá eftirlitsnefnd Evrópuráðsins vegna aðgerða gegn mansali Þriðja matsskýrsla eftirlitsnefndar Evrópuráðsins með samningi um aðgerðir gegn mansali – GRETA, var nýverið birt. Í skýrslunni kemur fram, að frá árinu 2010 hefur einungis ein ákæra verið lögð fram í mansalsmáli, án sakfellingar.

„Yfirvöld þurfa að auka áherslu á að finna fórnarlömb mansals meðal hælisleitenda og tryggja að fórnarlömbum sé ekki snúið aftur til landa þar sem hætta er á að þau verði aftur fórnarlömb mansals.“

Þetta er þrátt fyrir að 71 mál hafi verið rannsakað, þar sem 73 einstaklingar koma við sögu. Í skýrslunni eru íslensk stjórnvöld hvött til að auka getu lögreglunnar, með auknum mannafla og þjálfun, til að fást við mál af þessu tagi.

Dómsmálaráðuneytið ber ábyrgð á málaflokknum á Íslandi.

Ráðuneytið slepti þessu

Á fréttasíðu Evrópuráðsins, þar sem sagt var frá framlagningu skýrslunnar, segir meðal annars: „Yfirvöld þurfa að auka áherslu á að finna fórnarlömb mansals meðal hælisleitenda og tryggja að fórnarlömbum sé ekki snúið aftur til landa þar sem hætta er á að þau verði aftur fórnarlömb mansals.“ Þessum hluta ábendinganna er sleppt í umfjöllun ráðuneytisins. Þar er aftur á móti fjallað um að bent sé á mikilvægi þess að skilgreina verkferla til að tryggja öryggi barna sem eru fórnarlömb

mansals. Í því sambandi er sérstaklega bent á fylgdarlaus börn. Í frétt Evrópuráðsins um framlagningu skýrslunnar er sérstaklega bent á að skýringin á fáum kærum sé einkum sú að ekki sé til staðar nægur mannafla, búnaður og fjármunir, auk þjálfunar, til að sinna málum og safna gögnum. Jafnframt er bent á, að verulega skorti á heimildir og úrræði vinnustaðaeftirlits til að koma í veg fyrir og upplýsa mansalsmál á vinnumarkaði.

Algengustu tegundir mansals á Íslandi eru vinnumansal og kynlífsmansal.





Hjálmur

fyrir 110 árum

Í 22. tölublaði Hjalms, frá 3. desember 1913, og í næsta tölublaði á eftir, 10. des. 1913, birtast tvær greinar eftir höfund sem kallar sig (a.b.c.)

Annars vegar er greinin Úr bænum og hins vegar Aðfinningar. Það ber framsýni höfundar vitni, að hann kemur auga á mikilvægi fjölbreyttra kennslugagna í framtíðinni, eins og til dæmis kvikmynda. Að vísu hefur sú sýn ekki komið fram, enn að minnsta kosti, að kvikmyndasýningar komi í stað barnaskóla. Jafnframt er athyglisvert, að höfund dreymi um kvikmyndahús með mörgum söllum. Slík hús urðu ekki til á Íslandi fyrr en mörgum áratugum síðar.

Í síðari greininni, Aðfinningar, fjallar höfundur um mikilvægi þess að stofnað verði sjúkrasamlag í bænum.



Úr bænum, eftir (a.b.c.)

Það er eins og mig minni að ég hafi lofað að skíra frá myndunum á Gamla-Nýja Bíó Hafnarfjarðar & co, en ég er orðinn hálf leiður að bíða eftir þeim. Mig dreymdi um daginn að ég væri að skoða Bíóið og var ég þar leiddur innan um 4 eða 5 sali afar fagra.

Eftir því hygg ég að það eigi mikla framtíð fyrir höndum, og vel gæti ég trúað að barnaskólar legðust niður, og í þeirra stað kæmu Bíohús er sýndu hvert fag útaf fyrir sig, og í því væri kennslan fólgin.

Það væri ekki leiðinlegt t.d. að kenna náttúrufræði á þann hátt að hafa öll dýr

veraldarinnar á hlaupum fyrir framan augun o.s.frv.

Skemmtanir hafa verið hér – að mér finnst – litlar í vetur. Laugardaginn annan en var, hélt verkmannafélagið hlutaveltu eins og við öll vitum, þó við – að sumra dómi – skiljum ekki öll hvað félagsskapur sá er.

Textinn er lengri, en fer út í aðra sálma sem skipta minna máli í þessu samhengi.



Aðfinningar eftir (abc)



Pegar ég endaði seinasta skrifrið mitt af „aðfinningum“, mun ég hafa lofast til að skrifa um sjúkrasamlög.

Þetta byrjar þá á aðfinflu við félagsmenn, hversu mér finnst það deyfðarlegt, að ekkert skuli vera gert í þessari sjúkrasamlagsnefnd. – Mér finnst hafa verið komið óþyrmilega við ýmsar aðrar nefndir, en ekki finnst mér síst ástæða til að hnippa rækilega í þessa nefnd. – Mín skoðun er sú að við ættum að stofna sjúkrasamlag fyrir kaupstaðinn í heild sinni. – Eins og flestir vita, kom hr. læknir Þ. Edilonsson, þessari hugmynd inn á fund í haust, og á hann þökk skilið fyrir það, eins þó þetta hafi komist til orðs áður, en ekkert orðið úr framkvæmdum. Bærinn er orðinn svo breyttur til batnaðar, að manni virðist. Fyrir 3 árum var ekki hægt að byggja 1 kirkju, en nú er verið að byggja 2 og talar enginn um að það sé neinum örðugleikum bundið. Fyrir 3 árum var ekki álitíð kleyft að mynda hér sjúkrasamlag, en vonandi hefur áhuginn og löngunin til þess, vaxið með velmeigun og framþróun staðarins. Þetta

sjúkrasamlag ættu allir verkamenn að ganga í, og með því tryggja sér og sínu heimili fæði og klæði ef veikindi bæri að höndum. Margir hugsa nú – ef til vill – sem svo: „En ef ég nú aldrei verð veikur, þá eru þetta óþörf útgjöld, því þá fæ ég aldrei styrk.“ – En þetta er að minni hyggju rangt. Það ætti hverjum og einum að vera ljúft að borga eitthvað víst, meðan hann væri heilbrigður og gæti stundað sína vinnu, og undarlegan teldi ég þann mann sem ekki vildi vinna það til að borga 1.50 á mánuði ef hann vissi að með því ætti hann það víst, að verða aldrey veikur alla sína æfi. Jeg get ekki hugsað mér þann mann til. Jeg lít nú svo á, að þetta sé óbeinlínis trygging á heilsunni æfilangt, að borga til sjúkrasamlags.

Auðvitað getur maðurinn orðið sjúkur, en hann þarf ekki að kvíða því að hann líði skort á meðan, þó fátækur sé, því alla hjálp og meðöl fær hann frá samlaginu. Margur spyr en fremur. „Hvar á ég að taka þessa peninga mánaðarlega frá, ég sem hefi naumast ofan í mig og mína, og get ekki einn eyri mist?“

Þetta er að vísu ekki óeðlilegt, að þeir menn sem berjast í bökkum – sem kallað er, svari þannig þessari spurningu.

En hvar á sá hinn sami að taka peninga til að standast veikinda-kostnað ef hann t.d. liggur í rúminu 5-6 vikur? Hver á þá að vinna fyrir heimilinu? Það er nú ef til vill hægara fyrir mig að svara fyrir fátæka manninn með pennanum mínum, heima í hlýrri stofu, heldur en að standa í sporum hans, en ég get hugsað mér að ég sé fátæki maðurinn og þá mundi ég heldur vilja draga dálítið af kaupmi mínu smátt og smátt, þótt ég og mínir jafnvel yrðu að líða við það, og eiga svo von á því, ef veikindi bæri að höndum, að fá styrk eða endurborgaða peninga sem ég smámsaman hefði lagt inn. Ég gleðst við þá hugsun að sjúkrasamlagið verði mér og mörgum öðrum til gagns og blessunar, og um leið byggðarlaginu í heild sinni, ef það annars kemst á, sem ég fastlega vona.




**Sjá öll tölublöð Hjálms
á www.timarit.is**

Aukin ánægja með starf félagsins samkvæmt Gallup-könnun

Gallup gerði könnun á árinu 2023, eins og undanfarin ár, meðal félagsfólks Verkalýðsfélagsins Hlífar og Stéttarfélags Vesturlands. Þessar kannanir eru afar mikilvægar

dæmis búa nú í foreldrahúsum eru 18,7%, sem er hærra hlutfall en nokkru sinni fyrr í þessum könnunum. Einnig verður nýr hópur til, þeir sem búa í húsnæði á vegum atvinnurekanda,

Áhyggjur af fjárhagsstöðu



fyrir Hlíf, því í þeim sér félagið samtímastöðu ýmissa mála á þeim tíma sem þær eru gerðar, en einnig þróun yfir tíma, því Gallup hefur í allmörg ár gert sambærilegar árlegar kannanir fyrir félögin.

Þannig erum við bæði með í höndunum mat á stöðu dagsins, en einnig söguleg gögn sem sýna þróun. Í sumum tilvikum gefa niðurstöðurnar tilefni til sérstakra viðbragða. Þegar Hjálmur fór í prentun, var gagnaöflun lokið, en endanlegri úrvinnsla ekki lokið. Þó gafst tækifæri til að rýna í frumniðurstöður og umfjöllunin hér á eftir byggir á þeim, ásamt myndritum fyrir nokkurn hluta niðurstaðnanna.

Enn fækkar íbúðareigendum

Fyrir um fimm árum bjuggu tæp 62% svarenda í eigin húsnæði og 26,8% í leiguhúsnæði.

Á árinu 2022 bjuggu 48,6% svarenda í eigin húsnæði, 13,6% í foreldrahúsum og 36,6% í leiguhúsnæði.

Nú, 2023, segjast 35,7% búa í eigin húsnæði, 18,7% í foreldrahúsum og 43,2% í leiguhúsnæði.

Verulegar breytingar hafa átt og eiga sér nú stað, á aðeins nokkrum árum. Þessi neikvæða þróun hefur sem sagt enn haldið áfram og með enn kröftugri hætti en undanfarin ár. Þeir sem til

nú 2,2%. Vissulega ekki stórt hlutfall, en nýr hópur í þessum könnunum og hlutfallið hefur nú tvöfaldast á einu ári, sem endurspeglar ákveðna þróun á vinnumarkaði sem hefur orðið vart við á andanförnum misserum.

Í fyrra, 2022, höfðu 13% mjög miklar áhyggjur af fjárhagsstöðunni og tæp 29% frekar miklar áhyggjur.

Nú, 2023, hafa 17,3% mjög miklar áhyggjur af fjárhagsstöðu sinni og tæp 32% frekar miklar áhyggjur.


Einnig hefur hækkað hlutfall þeirra félagsmanna sem segjast eiga í erfiðleikum með að standa skil á afborgunum lána. Í fyrra, 2022, sögðust 3,6% vera í mjög miklum erfiðleikum og 13,2% í frekar miklum erfiðleikum. Nú, 2023, segjast 6,8% vera í mjög miklum erfiðleikum og 18,6% í frekar miklum erfiðleikum. Hlutfall þeirra sem eiga í erfiðleikum með að standa skil hefur því hækkað úr 16,8% í 25,4%! Mjög alvarleg þróun og neikvæðar horfur.

Aukin jákvæðni í garð félagsins

Hlutfall þeirra félagsmanna sem segjast jákvæðir gagnvart því að taka þátt í starfi á vegum félagsins hækkar milli ára. Fyrir ári, 2022, voru 26,4% mjög jákvæðir gagnvart starfsþátttöku, en frekar jákvæðir voru 31,9%. Nú, 2023, eru 28,7% mjög jákvæðir gagnvart starfsþátttöku, en frekar jákvæðir nú 33%. Einungis 4,1% segjast mjög eða fremur neikvæðir gagnvart því að taka þátt í starfinu.

Einnig má merkja jákvæða þróun varðandi viðhorf félagsmanna til félagsins sem baráttutækis. Árið 2019, sögðu 13,4% félagið standa sig mjög vel í að berjast fyrir

Félagið sem baráttutæki



Auknar fjárhagsáhyggjur


Þeim sem hafa áhyggjur af fjárhagsstöðu sinni og eiga í erfiðleikum með að standa í skilum, fylgjar á milli ára, eins og hér sést svo greinilega.

hagsmunum félagsmanna sinna.

Á árinu 2022, var þetta hlutfall 17,6% og að félagið stæði sig frekar vel sögðu 37,3%. Nú, 2023, er þetta hlutfall 25,3% og að félagið standi sig frekar vel segja 37,7%.

Á sama tíma hefur fækkað mjög þeim

Húsnæðisaðstæður




sem segjast telja að félagið standa sig illa sem baráttutæki. Árið 2019 sögðust 7,1% telja að félagið stæði sig mjög illa og 16,2% sögðu það standa sig fremur illa. Á árinu 2022 töldu 3,7% félagið standa sig mjög illa og 9,5% töldu það standa sig fremur illa.

Nú, 2023, segjast 3% telja að félagið standi sig mjög illa og 4,6% telja það standa sig fremur illa.

Peir félagsmenn sem svara könnuninni eru í ríkari mæli ánægðir með þjónustu félagsins en í fyrri könnunum.

Á árinu 2022 sögðust 25,6% mjög ánægð og 39,2% fremur ánægð, eða samtals tæp 65% ánægð. Núna, 2023, segjast 28,2% mjög ánægð og 43,5% frekar ánægð, eða samtals tæp 72% ánægð. Á árinu 2022 sögðust 7% vera mjög eða fremur óánægð með þjónustuna, en eru nú 4%.

Tilbúin/n í aðgerðir



Aukinn baráttuvilji

Nú liggur fyrir, að flestir kjarasamningar eru lausir snemma á næsta ári, 2024. Kannanirnar leituðu eftir svörum starfsmanna um hversu tilbúnir þeir væru í verkfallsaðgerðir, til að knýja á um bætt kjör: Örugglega - Mjög líklega - Frekar líklega:

Á árinu 2022: Öruggt 24%, mjög líklegt 23% og frekar líklegt 18,6%. Samtals 65,6%

Nú, 2023: Öruggt 33,2%, mjög líklegt 22% og frekar líklegt 16,9%. Samtals 72,1%

Á árinu 2022, ólíklegt eða alls ekki tilbúin í verkfallsaðgerðir, 19%, en núna komið niður í 11,9%.

Merkjanlega er því meiri baráttuhugur félagsmanna fyrir betri kjörum, núna en fyrir ári síðan.

Félagsmannasjóður – útgreiðsla 1. febrúar

Í kjarasamningum félaga í Hlíf sem starfa hjá sveitarfélögum og öðrum launagreiðendum sem miða við þá samninga, er ákvæði um að launagreiðandi skuli greiða sem nemur 1,5% af heildarlaunum hvers starfsmanns í svokallaðan Félagsmannasjóð.

1. febrúar ár hvert fá félagsmenn síðan greidda þá inneign sína í sjóðnum sem hefur safnast upp árið á undan.

Bankaupplýsingar nauðsynlegar

Ekki þarf að sækja um útgreiðslu. Inneignin verður greidd sjálfkrafa inn á bankareikning félagsmanns, AÐ ÞVÍ TILSKILDU AÐ REIKNINGSNÚMER FÉLAGSMANNS SÉ SKRÁÐ HJÁ FÉLAGINU.

Við hvetjum þá félagsmenn sem hafa starfað einhvern hluta ársins 2023 hjá Hafnarfjarðarkaupstað, Garðabæ, Hjallastefnunni eða Skólum ehf., til að fara inn á „Mínar síður“ hjá félaginu – mitt.hlif.is – og kanna hvort persónu-, samskipta- og bankaupplýsingar þar eru réttar, til dæmis netfang og bankaupplýsingar. Á Mínunni síðum getur félagsmaður auk þess séð hvort hann á inneign í Félagsmannasjóðnum og ef svo er, hversu há inneignin er.

Leiðbeiningar um hvernig á að nota „Mínar síður“ eru annars staðar í blaðinu og á www.hlif.is.

Hækkandi lífeyrisgreiðslur og umfangsmikil þjónusta



Tæplega 70 gestir sátu fulltrúaráðsfund Gildis, sem haldinn var á Grand Hótel Reykjavík, fimmtudaginn 23. nóvember síðastliðinn.

Hrein eign Gildis-lífeyrissjóðs í lok september 2023 var 939,5 milljarðar króna og hækkaði um ríflega 26 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Þetta er meðal þess sem fram kom í máli Árna Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Gildis, á fundi sjóðfélaga- og fulltrúaráðs sem haldinn var fimmtudaginn 23. nóvember síðastliðinn á Grand Hótel Reykjavík.

Í kynningu Árna kom fram að nafnávöxtun sjóðsins á fyrstu níu mánuðum ársins 2023 var 1,5%. Hrein raunávöxtun, sem er nafnávöxtun að frádregnum kostnaði (þar með talið verðbólgu) var -4,8%. Fjárfestingartekjur tímabilsins voru 15,5 milljarðar króna og rekstrarkostnaður sjóðsins var rétt rúmur milljarður. Tryggingafræðileg staða sjóðsins hefur versnað heldur á árinu. Hún var -3,9% í byrjun árs en -6,4% í lok september.

Mikil hækkun lífeyris

Á fundinum kom fram að um 270.000 sjóðfélagar eiga réttindi hjá Gildi, 28.000 fengu greiddan lífeyri á fyrstu níu mánuðum ársins, tæplega 1.100 sjóðfélagalán voru veitt og starfsfólk hélt utan um tæplega 939 milljarða króna eignasafn. Starfsfólk lífeyrisdeildar afgreiddi á tímabilinu tæplega 6.000 umsóknir um lífeyri, en inni í þeirri tölu eru yfirferðir á endurmötum vegna örorkulífeyris.

Á meðan ellilífeyrisþegum fjölga um 7,7% hækka ellilífeyrisgreiðslur úr rúmlega

11 milljörðum í tæplega 15 milljarða, eða um 31,6%, og á sama tíma og þeim sem fá greiddan örorkulífeyri frá Gildi fjölga aðeins um tæplega 1% hækka greiðslurnar um 24%. Ástæður fyrir hækkandi lífeyrisgreiðslum eru annars vegar að greiðslurnar eru verðtryggðar en hins vegar að Gildi jók réttindi sjóðfélaga um áramótin, sem hækkaði lífeyrisgreiðslur sjóðsins umtalsvert.

Aukin ásókn í sjóðfélagalán

Lánum hefur einnig fjölgað mikið á árinu. Allt árið 2022 veitti sjóðurinn tæplega 1.000 lán, en eins og fram kom hér fyrir ofan voru lánin orðin tæplega 1.100 á fyrstu níu mánuðum ársins 2023. Má því gera ráð fyrir allt að 30% fjölgun lánveitinga á árinu. Þetta gerist þrátt fyrir tíðar hækkanir á vöxtum. Þannig stóðu óverðtryggðir breytilegir vextir sjóðsins í 6,9% í byrjun árs en eru í dag í 10,35%. Verðtryggðir breytilegir vextir hafa hækkað úr 2,8% í 3,45% innan ársins. Ástæða vaxtahækkanna liggur ekki síst í að stýrivextir Seðlabankans hafa hækkað um 3,25 prósentustig innan ársins og standa í dag í 9,25%

Sérstaka athygli vekur að þrátt fyrir þessa hækkun hafa vanskil ekki aukist sem neinu nemur. Alls voru 12 skuldabréf í lögfræðinniheimtu í lok september og hafði ekki fjölgað innan ársins. Lántakendur í vanskilum voru níu í byrjun ársins en voru orðnir tíu í lok september.

Umfangsmikil þjónusta

Sú þjónusta sem Gildi veitir sjóðfélögum er mjög umfangsmikil. Þannig afgreiddi lífeyrisdeild sjóðsins samtals 5.820 umsóknir á fyrstu níu mánuðum ársins. Af þeim voru 3.872 umsóknir um ellilífeyri, 319 sóttu um örorkulífeyri og 356 sóttu um makalífeyri. Til viðbótar vann lífeyrisdeild Gildis 1.273 svokölluð endurmöt örorkulífeyris, en þeir sem fá greiddan örorkulífeyri frá sjóðnum þurfa reglulega að skila inn slíku endurmati til að njóta áframhaldandi greiðslna.

Innan séreignardeildar vekur sérstaka eftirtekt að frá ársbyrjun fram í miðjan nóvember höfðu alls 1.638 sjóðfélagar gert samning um tilgreindan séreignarsparnað. Flestir þeirra, eða tæplega 1.450, flytja tilgreinda séreign sína til erlendra vörsluaðila. Gildi hefur reynt að vekja athygli á þeirri áhættu sem slíkum flutningi fylgir, en sérstaklega yngri sjóðfélagar missa við þetta dýrmæt réttindi í samtryggingardeild sjóðsins. Allir sem huga að slíku eru því hvattir til að leita til Gildis áður en ákvörðun er tekin.

Til viðbótar við þetta sinna starfsmenn sjóðsins ýmiss konar verkefnum, til dæmis við innheimtu iðgjalda, ávöxtun fjármuna, upplýsingagjöf, reikningsskil og fleira. Stöðugt aukin umsvif, aukið regluverk og eftirlit sem og fjölgun verkefna leiðir til að stöðugildum hefur fjölgað nokkuð á árinu. Þau voru rúmlega 42 í byrjun ársins en tæplega 47 níu mánuðum síðar.



Gestur á sjóðfélagafundi Gildis leggur fram fyrirspurn. Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis, Davíð Rúdólfsson, forstöðumaður eignastýringar, Björgvin Jón Bjarnason, stjórnarformaður og fundarstjórinn Aðalbjörn Sigurðsson hlýða á.

Grindvíkingar fá sex mánaða greiðsluhlé

Vart hefur farið fram hjá nokkrum Íslendingi sú erfiða staða sem blasir þessa dagana við íbúum Grindavíkur. Fljótlega eftir að bærinn var rýmdur hófst umræða um hvernig fara skyldi með fasteignalán íbúa bæjarins. Inn í þá umræðu koma lífeyrissjóðir og til að mynda er Gildi að skoða vandlega stöðu sína gagnvart þeim sjóðfélögum sem eru með lán með veði í húsnæði í bænum. Málið er flókið og miðvikudaginn 22. nóvember síðastliðinn sendi stjórn sjóðsins

frá sér yfirlýsingu sem hefst svona:

„Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs hefur til skoðunar með hvaða hætti sjóðurinn getur komið til móts við lántakendur sem tekið hafa lán hjá sjóðnum með veði í húseignum í Grindavík. Sjóðurinn telur þó mikilvægast á þessu stigi að veita þeim einstaklingum fjárhagslegt svigrúm tímabundið í því óvissuástandi sem skapast hefur. Stjórn sjóðsins hefur því samþykkt að bjóða lántakendum í Grindavík að fresta greiðslum af lánum sínum í 6 mánuði. Í því felst að afborgunum af höfuðstól ásamt vöxtum

og verðbótum verður frestað og koma því ekki til greiðslu á tímabilinu. Þótt um sé að ræða hefðbundið frestunarræði fyrir lántakendur liggur fyrir að stjórn sjóðsins er með til skoðunar mögulegar frekari aðgerðir til þess að koma til móts við lántakendur í Grindavík“.

Í yfirlýsingunni er einnig talað um að staðan sé um margt óljós og að verið sé að kanna lagalega stöðu sjóðsins gagnvart mögulegum frekari úrræðum. Ekki sé hægt á þessari stundu að svara hverju sú skoðun mun skila.



Ósiðleg er öll sú gerð



Sigurður T. Sigurðsson, fyrrum formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar var hagamæltur maður og kastaði oft fram stökum í takt við stemmninguna hverju sinni. Sigurður T., eða Siggí T. eins og hann var oftast kallaður, sat í stjórn félagsins í um 30 ár og var formaður frá 1987 til ársins 2022. Sigurður lést árið 2020.

Sumt af kveðskap Sigurðar er í fornum félagsins og Hjálmur hefur fengið góðfúslegt leyfi til að birta nokkrar vísur. Í sumum tilvikum skrifaði höfundur skýringar við vísurnar, til að setja þær í samhengi. Skýringarnar fylgja hér með.

Eftirfarandi vísur urðu til á haustdögum 1999 vegna umsagna um orðaval mitt í blaðagreinum:

*Ef skrifað er um svik og tál,
sem stjórnvöld reyna að dylja,
á að nota íslenskt mál
svo allir megji skilja.*

*Þjófur merkir þjófótt þý,
því mun enginn breyta
og þeir sem lygi lifa í,
lygalaupar heita.*

*Svíki einhver sína þjóð
svikari hann heitir.
Embætti og efni góð
engu um það breytir.*

*Ráðherrar sem raupa hátt
og réttu máli halla,*

*rýra laun og rjúfa sátt,
rumpulýð ég kalla.*

*Stjórn sem enga ætlar sér
ábyrgð eigin gerða.
Sannarlega sýnist mér
siðlaus kölluð verða.*

Fiskikvótinn

Eftirfarandi vísur, sem urðu til nokkru fyrir seinustu aldamót, eru sérstaklega tileinkaðar þingmönnum Framóknar- og Sjálfstæðisflokks fyrir það að þverbrjóta stjórnarskrá Íslands. Og ekki síður fyrir það að misnota stöðu sína á Alþingi og reyna að stela fiskistofnunum við landið og gefa sjálfum sér og vinum sínum.

*Þeir kvótann eigna sjálfum sér
og sínum einkavinum
svo ekki nokkur branda er
eftir handa hinum.*

*Einkaleyfi eiga nú
á okkar fiskikvóta,
innstu koppar LÍÚ
og ávaxtanna njóta.*

*Ósiðleg er öll sú gerð
og andstæð hugsun okkar,
enda þjófar þar á ferð
og þeirra hjálparkokkar.*

*Andstætt okkar stjórnarskrá
er allt kvótabraskið,*

*sem bitnar landsins byggðum á,
bölvað hafurtaskið.*

*Aflinn sem að áður var
allra eign að nýta,
svelgja í sig sægreifar
en stjórnvöld fram hjá líta.*

*Aumast þó af öllu er
og okkar mesti vandi,
að æðstu strumpar okkar hér
eru sí-stelandi.*

Furðu lítið mannaaval

Í tilefni af prófkjöri krata í Hafnarfirði í mars 1998 skoruðu nokkrir kunningjar mínir í kratahópnum á mig að taka þátt í prófkjörinu. Ég varð við beiðni þeirra en þó með hangandi hendi. Vísurnar lýsa þessari reynslu minni.

*Fáir kostir finnast hér
og furðu lítið mannaaval.
Þröngt í búi þykir mér
ef þetta er sem koma skal.*

*Út ég strika alla þá
sem íhaldsstefnu gæla við.
Í framboð vil ég ekki fá
frjálslyggjunnar málalið.*

*Ekkert nafn þá eftir er,
og engin til að krossa við.
Ofan í kassa óvirkt fer,
einskisnýta atkvæðið.*

Styrktarlínan

Þetta skeði í desember 2006 þegar ég var að safna styrktarlínum í bókina „100 ára saga Hlífar“, en hver lína átti að kosta 10 þús. krónur. Ég var marg búinn að hringja til ASÍ en náði ekki sambandi við Guðmund Rúnar sem hafði með málið að gera. Ég sendi honum því fyrirspurn á netinu um það hvort sambandið hefði áhuga á styrktarlínu. Svarið sem ég fékk var mjög jákvætt. „Sæll, auðvitað sendum við Hlíf kveðju á 100 ára afmælinu. Má hún ekki vera stærri en ein svona lína?“ Ég uppveðraðist allur við þetta svar og daginn eftir sendi ég honum eftirfarandi upplýsingar til þessa ágæta manns:

*Um oflágt verðið okkur hjá
við ekki skulum þræta,
því einu núlli alltaf má
við upphæðina bæta.*

Svarið sem ég fékk var á þá leið að hann hafi verið að hugsa um að fá að setja pínulítið stærri kveðju en eina línu í bókina. Hann óskaði síðan eftir því að svar mitt yrði aftur í bundnu máli, þó hann sjálfur treysti sér ekki til að spyrja þannig. Þegar ég fékk þessi skilaboð var komið að lokum vinnudags á föstudegi og ég búinn að lofa að mæta í barnaafmæli hálf tíma síðar. Ég hafði því ekki nægan tíma til að svara þessu ágæta tilboði. En á leiðinni í afmælið kom í huga mér:

*Við heila síðu höfum hér,
Sem hentar kveðju þinni,
Á verði sem að einstakt er
í allri dýrtíðinni.*

*Ykkar vilji virtur er
að velja upphæðina,
enda skiptir engu hér
eitt núll á milli vina.*

Og á leiðinni heim úr afmælinu bættist við:

*Í krónum talið kveðjan er
á kjörum fantagóðum.
Þann afslátt sem við ætlum þér
við engum öðrum bjóðum.*

*Hundrað þúsund held ég sé
heilsíðunnar virði,
sem senda má til Sigga T.
suðrí Hafnarfirði.*

Það var svo mitt fyrsta verk næsta mánudagsmorgun að senda Guðmundi Rúnari vísurnar.

Karphúsið

Árið 1997 fóru fram í Karphúsinu viðræður fulltrúa Verkamannasambands Íslands og lðju, verksmiðjufólks á annan veginn og Vinnuveitendasambands Íslands á hinn veginn um kjarasamninga launafólks á almennum vinnumarkaði. Að kvöldi 3. mars, eftir tíðindalítinn dag og lítil viðbrögð af hálfu fulltrúa atvinnurekenda, sagði ég:

*Fyrst er trassað svo er treynt,
tvístigið og vegið.
Síðan tafið ljóst og leynt,
lufsast við og dregið.*

Þann 6. mars hafði ég eftirfarandi að segja um tilboð sem Vinnuveitendasambandið lagði fram:

*Alltof lítið, alltof lágt
og lúsarlega boðið.
Tilboðið er smærra en smátt
smánarlegt og loðið.*

*Vel þeir skenkja sjálfum sér
og sínum frændum gefa
en almenningi ætlað er
að éta skít úr hnefa.*

17. mars lagði Vinnuveitendasambandið fram tilboð að nýjum kjarasamningi, sem mér þótti harla lélegt:

*Aumlegt boð og ömurlegt
alveg mælinn fyllti.
Ég fer að sakna samningsins,
sem að áður gildi.*

Hérvistardvölin

*Ferðbúast verð ég, feigðin mig kallar,
dregur að kveldi, deginum hallar.
Lífs míns á himni lækka fer sólin,
færðina þyngir, fýkur í skjólin.*

*Burtu er horfinn bernskunnar kraftur,
baráttuprekið birtist ei aftur.
Æskunnar gleði aldrei ég gleymi.
Innst mér í hjarta unaðinn geymi.*

*Húmdökkir skuggar, huga minn letja,
haustið og kulinn hroll að mér setja.
Í sálinni finn ég söknuð og kvíða,
framundan veit ég feigðina bíða.*

*Langt hef ég gengið, löng er mín vaka,
lúinn og þreyttur lít ég til baka.
Ferð sem að hóf ég fagnandi að vori,
erfið nú reynist í hverju spori.*

*Ljósín þó dvíni lífs míns á vegi,
þegjandi áfram Þorrann ég þreyji.
Sjálfan mig spyr ég síðasta spölinn:
Hefur hún tilgang hérvistardvölin?*

*Þegar svo lýkur lífsgöngu minni,
sáttur ég sofna síðasta sinni.*



Ég fer yfirleitt ekki í verkefni nema ég hafi trú á þeim

- segir Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ



Finnbjörn A. Hermannsson var kjörinn forseti Alþýðusambands Íslands eftir stormasamt þing sambandsins. Þegar allt stefndi í upplausn, var þingi frestað um nokkurra mánaða skeið og tíminn nýttur til að finna leið út úr ógöngunum. Niðurstaðan varð sú, að breiður stuðningur náðist um Finnbjörn. Þetta var ekki eitthvað sem hann hafði stefnt að. Hann var nýlega hættur sem formaður Byggiðnar (áður Trésmiðafélags Reykjavíkur), en þar hafði hann verið frá 1996 og ætlaði að fara að sinna fjölskyldunni og hugðarefnum.

Finnbjörn á ættir að rekja norður í Aðalvík á Hornströndum. Sú taug var svo römm hjá foreldrum hans, að hann hlaut millanafnið Aðalvíkingur. Það gekk ekki með öllu þrautalaust, því tveir prestar neituðu nafngiftinni áður en tókst að finna prest sem var reiðubúinn. „Þá var engin mannanafnanefnd“, segir Finnbjörn „og valdið í höndum prestanna. Tveir prestar neituðu að skíra mig Aðalvíking, sögðu að þetta væri örnefni en ekki heiti á mannveru, en pabba var greinilega full alvara með þessu, því hann hætti ekki fyrr en hann fann prest sem var tilbúinn til að viðurkenna nafnið.“

Það fluttu allir í burtu

Lengi vel var Finnbjörn eini maðurinn sem bar nafnið Aðalvíkingur, en svo er ekki lengur. „Sonur minn barðist í nokkur ár við mannanafnanefnd um að fá að skíra með nafninu og hafði loks sigur þegar honum tókst að sýna fram á að ég væri lifandi. Það varð sem sagt að sýna fram á að lifandi manneskja hétu þessu nafni.“ Auk þess á Finnbjörn frænda í Hafnarfirði, sem tók upp millinafnið Aðalvíkingur og heitir Magnús Aðalvíkingur Finnbjörnsson. „Þegar það kom upp í Íslendingabók, komu synir

mínir til mín og spurðu – í gríni – hvort ég hefði gleymt að segja þeim eitthvað. Hann er jú Finnbjörnsson.“

Finnbjörn segir sögu fjölskyldunnar dæmigerða sögu fólks sem flytur af landsbyggðinni. „Pabbi og mamma eru bæði úr Aðalvík og þau byrja að búa þar og eignast sitt fyrsta barn þar.“ Barnið lifði ekki, vegna þess að ekki náðist í ljósmóður. Næsta barn fæddist í Hnífsdal, en ólst upp í Aðalvík til að byrja með. „Síðan flytja þau, þegar útfallið var úr Aðalvík. Það fluttu allir

í burtu. Þetta var keðjuverkun. Ungu fólkið fór þegar Bretinn kom, fékk vinnu og greitt með peningum. Þegar unga fólkið var farið, vantaði hendur til að taka upp bátana. Þegar ekki var hægt að taka upp bátana, þá var ekki lengur hægt að afla sér lífsviðurværis. Þá fór eldra fólkið líka. Pabbi og mamma fóru árið 1947 og fluttu til Hnífsdals. Þar fæddist næsti bróðir minn og síðan fæddist ég eftir að þau fluttu til Reykjavíkur.“ Finnbjörn segir að örugglega megi skýra Aðalvíkingsnafnið með trega foreldranna eftir æskuslóðunum í Aðalvík.

Utanbæjarfólk fékk ekki lóðir í Reykjavík

Fyrst bjó fjölskyldan á loftinu í Trésmiðjunni Víði, þar sem afi Finnbjörns var húsvörður. Þetta var árið 1954 og mikill húsnæðisskortur í Reykjavík. „Þá var reglan sú að utanbæjarfólk fékk ekki úthlutað lóðum“, segir Finnbjörn. Hægt var að byggja á „óleyfislóðum“ í Blesugróf, inni við Elliðaár – og það gerði fjölskyldan og bjó síðan þar. En fyrst flutti fjölskyldan í sumarþústað, þar sem Finnbjörn fæddist. „Þar bjuggum við meðan faðir minn byggði hús. Í Blesugrófinni var gott að alast upp, mikið landrými til að leika sér og lítið fyrir okkur haft. Þarna var ég alveg til tvítugs. Ég byrjaði að búa 19 ára og leigði þá á háaloftinu í húsinu við hlið foreldra minna, meðan ég var sjálfur að byggja hús, sem ég flutti í tuttugu og eins árs árið 1975, árið sem ég kláraði lönskólann.“



Finnbjörn hóf ungur þátttöku í félagsstarfinu, byrjaði í trúnaðarráði Trésmiðafélags Reykjavíkur árið 1978 og var kominn í stjórn 1985. Hann vann við smíðar til ársins 1989. „Þá hringir Snorri Konráðsson í mig og spyr hvort ég sé til í að gerast starfsmaður hjá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu. Mér fannst það spennandi og gerðist kennari þar og var til haustsins 1996. Á þeim tíma var ég búinn að taka kennsluréttindanám í Kennaraskólanum og ætlaði mér að fara í smíðakennslu í iðnskóla.“ Þá gripu örlögin í taumana, því þá um haustið var Grétar Þorsteinsson, þáverandi formaður Trésmiðafélagsins, kjörinn forseti ASÍ. „Á þessum tíma var ég varaformaður í TR, þannig að ég tók við formennsku. Í framhaldinu þurfti ég gera upp við mig hvort ég ætlaði að halda áfram eða hætta. Ég fór í formannsslag þegar kosið var um formann 1997 og hafði betur. Ég lét af því starfi síðastliðið vor og ætlaði að eiga náðugt ævikvöld. Þá höguðu örlögin því þannig að ég er kjörinn forseti ASÍ. Ég ætlaði mér það aldrei.“

Benedikt og Grétar náðu að slökkva elda

Finnbjörn er ekki fyrsti forseti ASÍ sem kemur frá Trésmiðafélaginu. Benedikt Davíðsson var forseti ASÍ 1992-1996, Grétar Þorsteinsson tók við af honum og Finnbjörn er nú sá þriðji. Hann segir það væntanlega tilviljun að svona margir formenn úr röðum trésmiða hafi orðið forsetar ASÍ en bendir á að í öllum tilvikum hafi það gerst við svipaðar aðstæður. „Það er umrót í sambandinu og það er leitað til okkar. Enginn okkar sóttist beinlínis eftir þessu að eigin frumkvæði. Ekki svo að skilja að þetta hafi verið

neitt neyðarbrauð í tilviki Benedikts og Grétars amk, þeir áttu báðir farsælan tíma hér og náðu að slökkva ýmsa elda.“

Aðspurður um þær aðstæður sem leiddu til að hann var kjörinn forseti og átökin sem þá voru öllum sýnileg, segir Finnbjörn: „Mín reynsla er sú að allt þetta fólk sé mikið sómafolk sem vilji veg hreyfingarinnar og félagsmanna hennar sem mestan, þótt fólk geti greint á um leiðir. Ég leit svo á, að mitt hlutverk væri að leiða þessa arma saman innan vébanda Alþýðusambandsins. Ég horfi til þess eins og staðan er núna, að það muni takast, þannig að fólk geti unnið saman að þeim mikilvægu málum sem eru fram undan. Málefnið gera það að verkum að það er ekkert annað hægt. Það er óháð því hver situr í þessum stól. Verkefnið er það stórt að það er ekkert eitt félag eða hópur sem getur fleytt þessum málum áfram.“ Hann segist nokkuð viss um að öll forysta Alþýðusambandsins upplifi þetta með líkum hætti, að minnsta kosti öll miðstjórnin, og nýliðinn formannafundur hafi undirstrikað þennan skilning.

Talið berstaðátökunum í Alþýðusambandinu. Aðspurður telur Finnbjörn ekki að úrsögn Eflingar úr Starfsgreinasambandinu marki upphaf að einhverju umróti í skipulagsmálum. Þegar hann er spurður hvort hann telji líklegt að einhver félög séu til dæmis á leið úr Alþýðusambandinu er svarið afdráttarlaust: „Nei, ég hef enga tilfinningu fyrir því að nokkurt félag sé að vinna í því.“

Þörf á breiðfylkingu

Finnbjörn telur að þörfin fyrir breiðfylkingu

sé meiri nú en oft áður. „Undanfarnir samningar hafa gefið ágætlega launalega og það hefur tekist þokkalega að halda kaupmætti í gegnum flesta kjarasamninga, en allar ytri aðstæður hafa breyst verulega. Kaupmátturinn hefur að vísu verið að rýrna undanfarið vegna verðbólgu. Hún kemur að stórum hluta til vegna húsnæðisskorts á Höfuðborgarsvæðinu og reyndar um land allt. Síðan eru fyrirtækin augljóslega að draga meira til sín, auka hagnað sinn. Húsnæðisskortur og hagnaðardrifin verðbólga hafa ýtt undir það að við erum nálægt 9% verðbólgu. Þá er nánast alveg sama hvað við semjum um í svona verðbólgu, kaupmátturinn er farinn. Við keppum ekki við verðbólguna með því að sækja það til fyrirtækjanna. Stærsta verkefnið okkar núna er að ná niður verðbólgu. Það þýðir að við þurfum mjög stóra samninga við ríkið, annars vegar um húsnæðismál – við verðum með einhverjum trúverðugum hætti að geta byggt þannig að skorturinn á íbúðarhúsnæði keyri ekki upp verðið eins og hefur gerst undanfarin ár.“ Þessu til viðbótar séu öll bótakerfin, sem eiga að vera tilfærslukerfi fyrir þá sem eru í lakari stöðu, meira og minna í lamasessi. „Það eru alltaf færri og færri sem njóta stuðnings þessara kerfa, því tekjumörkum er alltaf haldið niðri, þótt allur kostnaður rjúki upp. Þar að auki er orðið svo mikið af tekjutengingum þvers og kruss í þessu kerfi, að þetta virkar ekki. Það þarf að búa til nýtt kerfi. Þetta er það stórt verkefni að ekkert eitt félag getur knúið það fram.“

Finnbjörn nefnir fleiri verkefni sem þurfi að sækja með, bæði á ríki og atvinnurekendur. „Við



erum til dæmis að tala um launamun kynjanna, meðferð á erlendu starfsfólki, starfsmannaleigur, útvistun á störfum og „ósýnilegu störfun“. Við þurfum að ná að stöðva kennitölufökkara og siðvæða markaðinn með einhverjum hætti, bæði ferðapjónustuna og byggingamarkaðinn. Brotastarfsemin virðist okkur verst í þessum greinum. Síðan þarf að ná niður vöxtum. Það er hluti af því að verðbólga fari niður – vextirnir verða að fara með. Þetta eru allt saman mál sem við þurfum að taka á sameiginlega. Hér þarf ríkið sannarlega að taka þátt, því við þurfum styrkingu í reglugerðum og lögum og svo þarf að knýja atvinnurekendur til að taka þátt í praktískri hlið málsins.”

Sveitarfélögin þurfa síðan að koma sterkt inn að áliti Finnbjörns, sérstaklega varðandi framboð og úthlutun byggingarlóða. „Þau hafa einfaldlega dregið lappirnar í lóðaúthlutunum og það er að verða þröskuldur fyrir frekari þróun.”

Grundvöllur fyrir enn breiðari samstöðu

Flestir samningar eru lausir um svipað leyti. Finnbjörn er spurður að því hvort það skapi ekki stöðu til að auka enn á þrýsting á ríkisvaldið. „Jú, það held ég. Alþýðusambandsamningarnir eru flestir lausir á sama tíma og síðan er BSRB mánuði seinna. Í mínum huga er þetta það stórt verkefni að Alþýðusambandið eitt og sér eigi ekki að taka þann slag, það verður að gerast með opinberum starfsmönnum líka. Engar formlegar viðræður eru þó hafnar. Ég

hef haldið bæði formanni BSRB og formanni BHM upplýstum um hvað ég er að hugsa og á einhverjum tímapunkti munum við kynna okkar útlínur fyrir þessum samtökum og skoða hvort við getum átt samleið. Þetta eru það stór og mikilvæg verkefni, að þau hljóta að vilja vera með að einhverju leyti. Húsnæðismál og vaxtastig bíta á þeirra félagsfólki engu síður en okkur.”

Næsta þing Alþýðusambandsins er í október á næsta ári. Það liggur því beint við að ljúka þessu spjalli með því að spyrja Finnbjörn um hvaða áform hann hafi. „Það var óskað eftir því

að ég tæki þetta að mér og ólíklegustu aðilar studdu mig til þess. Það met ég mikils. Varðandi framtíðina, þá er ég hættur að gefa út hvort ég sé að hætta eða ekki hætta. Ég tek stöðuna þegar þar að kemur, hvort það er eftirspurn eftir mínum starfskröftum eða ekki á þeim tíma og hvernig ég sjálfur hef það – hvort ég er tilbúinn að halda áfram. Þrekið og heilsan eru í góðu lagi núna og sjaldan verið betra, þannig að það er ekki vandamál”, segir Finnbjörn Aðalvíkingur að lokum.



*Verkalýðsfélagið Hlíf óskar öllum
félagsmönnum gleðilegrar jólahátíðar
og farsæls komandi árs.*



Mikilvægur sigur í málefnum þungaðra kvenna

Undanfarin misseri hefur verið uppi ágreiningur milli Verkalýðsfélagsins Hlífar og Hafnarfjarðarbæjar varðandi túlkun á réttindum þungaðra kvenna. Aðdragandi ágreiningsins var, að starfsmaður í leikskóla hafði samband við félagið og taldi á sér brotið og vísaði til Reglugerðar um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti.



Í reglugerðinni er kveðið á um hvernig fara skuli með slík mál. Gera þarf sérstakt mat á vinnustaðnum og breyta vinnuaðstæðum og vinnutíma til að koma til móts við þarfir starfsmanns. Sé það ekki hægt, skal veita honum leyfi frá störfum eins lengi og nauðsynlegt er.

Pungun er heilbrigt ástand

Magnús Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, sendi Hafnarfjarðarbæ bréf fyrir hönd Hlífar, en í því segir meðal annars:

„Undir engum kringumstæðum er heimilt að breyta vinnutíma eða vinnuskilyrðum þannig að viðkomandi starfsmaður gangi á veikindarétt sinn sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 95/2000 enda byggja lögin á því að þungunarástand kvenna sé bæði eðlilegt og heilbrigt ástand sem framkalla eigi breytingar á vinnustað og vinnuskilyrðum. Með öðrum orðum er það vinnustaðurinn sem er „veikur“ en ekki hin þungaða kona.“

Ágreiningurinn snerist einmitt um það hvort heimilt væri að ganga á veikindarétt konunnar til að mæta þessum aðstæðum. Í lok bréfs lögmanns ASÍ segir: „Það er von ASÍ að Hafnarfjarðarbær breyti starfsháttum

sínum í þessu efni í samvinnu og samráði við stéttarfélag starfsmanna.“

Hafnarfjarðarbær vildi ekki verða við þessum tilmælum, en vísaði málinu til úrskurðar hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga. Þar var það tekið fyrir í svokallaðri samstarfsnefnd Sambands Íslenskra sveitarfélaga og aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands, þar sem niðurstaðan var að vinna sameiginlega að verklagsreglum fyrir sveitarfélög í samvinnu við Vinnueftirlitið um verkferil þegar starfsmaður tilkynnir um þungun. Lögmönnum Sambandsins og ASÍ var falið að gera drög að verklagsreglum.

Frekari afleiðingar?

Í verklagsreglunum, sem samstarfsnefndin staðfesti á fundi sínum 26. september síðastliðinn, segir meðal annars: „Samstarfsnefnd SNS og SGS telur mikilvægt að sveitarfélög fylgi leiðbeiningum Vinnueftirlitsins frá 2001 um áhættumat í starfsumhverfi þungaðra kvenna og kvenna sem hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti.“ Þar segir jafnframt: „Vakin er einnig athygli á því, að lög nr. 95/2000 byggja á því að þungunarástand kvenna sé bæði

eðlilegt og heilbrigt ástand sem framkallað geti breytingar á vinnustað og vinnuskilyrðum viðkomandi starfsmanns án skerðingar launa og án þess að gengið sé á veikindarétt.“

Það leikur því enginn vafi á að félagið hafði rétt fyrir sér í málinu og ljóst að Hafnarfjarðarbær þarf að breyta vinnulagi sínu í samræmi við það. Málið er reyndar stærra en svo að það snúi einungis að Hafnarfjarðarbæ, því önnur sveitarfélög hafa meðhöndlað málið á sama hátt fram að þessu. Enn fremur verður kannað, hve háar fjárhæðir hafa farið úr sjúkrasjóði vegna þessa.



Tótal

félagakerfið

blómstrar

Bráðum eru liðin tvö ár frá því að Hlíf tók í notkun nýtt félagakerfi – Tótal. Kerfið er þróað af AFLi, starfsgreinafélagi á Austurlandi og er hannað og þróað af starfsfólki þess félags, í samstarfi við hugbúnaðarfyrtækið Austurnet á Egilsstöðum.

Samtímis tók Hlíf yfir móttöku skilagreina af Gildi lífeyrissjóði og innheimtu gjalda. Í þessu felst mikið hagræði, því um leið og búið er að samþykka skilagreina, öðlast þeir félagsmenn sem starfa hjá viðkomandi launagreiðanda þau réttindi sem iðgjöldin veita. Áður tók þetta lengri tíma. Auk þess sparast umtalsverður útlagður kostnaður við innheimtuna, því allt er unnið á skrifstofu Hlífar.

Mikið hagræði fyrir félagsmenn

Í gegnum „Mínar síður“ hafa félagsmenn upplýsingar um öll sín réttindi í félaginu og iðgjaldsasögu sína áratugi aftur í tímann. Auk þess geta þeir, á þeim tíma og þeim stað sem þeim hentar, útfyllt og sent inn rafrænar umsóknir um styrki úr fræðslusjóði og sjúkrasjóði, sótt um orlofshús og fleira. Allt miðar þetta að því að þjóna félagsmönnum þegar þeim hentar og þar sem þeim hentar. Hér í blaðinu og á www.hlif.is eru nánari leiðbeiningar um „Mínar síður“.

Í dag er Tótal á 10 tungumálum og líklegt að þeim muni fjölga á komandi árum.

Þátttakendum í Tótal fjölgar

Frá því að Hlíf tók upp félagakerfið Tótal, hafa fleiri félög gengið inn í samstarfið. Nú þegar eru Efling, Aldan á Sauðárkróki og Stéttarfélag Vesturlands (Stéttvest) að innleiða kerfið – og Verkalýðs- og sjómannafélag Grindavíkur hefur ákveðið að taka það upp um áramótin.

Nokkur önnur félög eru á hliðarlínunni og því fleiri sem félögin verða, því öflugra verður kerfið og rekstrargrundvöllur traustari.

Hlutafélagið Tótal

Eftir því sem þátttökufélögum í Tótal hefur fjölgað, hefur þörfin fyrir að skerpa á rekstrarformi kerfisins aukist. Því var ráðist í að stofna hlutafélag um reksturinn. Stofnfélagar voru AFL, Hlíf, Efling, Stéttarfélag Vesturlands (Stéttvest) og Aldan – og fleiri félög hafa í hyggju að kaupa sig inn í félagið. Í stofnskrá er tryggt, að ekkert eitt félag getur ráðið meira en 30% atkvæða. Fulltrúar frá öllum stofnfélögum eiga fulltrúa í stjórn og núverandi stjórnarformaður er Guðmundur Rúnar Árnason, framkvæmdastjóri Hlífar.

Bein tenging við bókhald

Í félagakerfi eins og Tótal, er mikilvægt að tengingar við bókhald og banka séu sem bestar, til að spara vinnu og tvíverknað. Fljótlega kom í ljós að fyrirtækið, sem rekur bókhaldskerfið sem Hlíf hefur notað undanfarin ár, var ekki reiðubúið til að vinna með Hlíf og öðrum félögum sem eru að taka upp Tótal, þannig að gengið var til samninga við fyrirtækið Wise um að tengja saman BC (Business Central) og Tótal, með eins áhrifaríkum hætti og nokkur kostur er. Innleiðing BC er langt komin og verður að fullu lokið um áramótin.

Starf verkalýðsfélaga hefur breyst mjög mikið á undanförunum árum. Meðalaldur félagsmanna í Hlíf er 34 ár, þannig að Hlíf er „ungu félag“, þrátt fyrir að vera stofnað árið 1907. Aðferðir til að halda sambandi við félagsmenn og veita þeim þjónustu hafa sömuleiðis tekið stakkaskiptum. Félagið og starfsfólk þess vill geta þjónað öllum félagsmönnum, óháð aldri og uppruna. Öll þessi ofangreinda þróun og vinna er liður í umbreytingu félagsins í að vera nútímalegt og framsækið félag, sem mætir félagsmanninum – hver sem hann er – þar sem honum hentar – þegar honum hentar.

Félagið stækkar og dafnar


Félagsmönnum í Verkalýðsfélaginu Hlíf hefur fjölgað talsvert á undanförunum misserum. Ástæðurnar eru nokkrar. Þó nokkur þensla hefur verið á vinnumarkaði, mikil uppbygging er á félagssvæðinu og allmörg fyrirtæki á nýjum atvinnusvæðum hafa annað hvort hafið starfsemi eða flutt starfsemi í Hafnarfjörð og Garðabæ.

Alltaferfróðlegt að fylgjast með samsetningu félagsins, með tilliti til ýmissa félagslegra þátta. Samkvæmt upplýsingum úr félagatali hafa alls 6.425 einstaklingar greitt til félagsins á þessu ári, flestir allt árið en sumir í skamman tíma.


Meirihlutinn konur

Rúmlega helmingur félaga í Verkalýðsfélaginu Hlíf er konur, eða rúm 52%, eins og sést á meðfylgjandi mynd.

Kynjaskipting félagsmanna




Félagsmenn eru að jafnaði ungir, því meðalaldurinn er 33 ár. Alls eru um 55% yngri en 30 ára og næstum níu af hverjum tíu eru yngri en 50 ára. Skýringanna er fyrst og fremst að leita í þeirri staðreynd, að stór hluti félagsmanna er ófaglært verkafólk og algengt er að ungt fólk sinni slíkum störfum áður en það fer í nám og áður en það lýkur námi, það er þeir sem það gera. Þeir sem ljúka námi, til dæmis í iðn eða háskólanámi, ganga oftast í



viðkomandi fagfélög að námi loknu.

Félagar í Hlíf koma víða að úr heiminum, frá 76 þjóðlöndum alls. Rétt rúmlega helmingur er Íslendingar, en hátt í fjórðungur félagsmanna kemur frá Póllandi. Á meðfylgjandi grafi má sjá fjölmennustu hópana. Átta af hundraði dreifast

Ljóst er að mikill uppgangur er í félaginu okkar – Verkalýðsfélaginu Hlíf, bæði vegna aukinna umsvifa í atvinnulífnum og fjölgunar íbúa á svæðinu, en einnig vegna aukinnar virkni félagsmanna og aukinnar fjölbreytni í þjónustu við félagsmenn. Allt spilar þetta saman.



á 68 lönd.

Næstum 62% félagsmanna eru á almennum vinnumarkaði og tæpur fjórðungur tekur laun samkvæmt kjarasamningum við Samband íslenskra sveitarfélaga, það er starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar, Garðabæjar, Hjallastefnunnar og Skóla ehf. Tæplega 14% starfa eftir samningum við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) eða ríkið. Í SFV eru meðal annars Hrafnistuheimilin og Sólvangur.

Dreifing á vinnumarkaði



Fjölbreyttir orlofskostir

Orlofshús Verkalýðsfélagsins Hlífar eru sameign félagsmanna, ætluð til að gefa félagsmönnum tækifæri til að komast út í náttúruna, sér og sínum til hvíldar og heilsubótar.

Verkalýðsfélagið Hlíf á orlofshús á Suður- og Vesturlandi. Tvö eru í Vaðnesi, eitt í Ölfusborgum, tvö í Stykkishólmi og fjögur hús í Kolási við Munaðarnes. Eitt húsanna í Kolási er stórt og nýjasta húsið,

Kolás 9-11 er með fullbúnu gestahúsi. Tvö síðastnefndu húsinn henta mjög vel fyrir „stórfjölskyldu“.

Í Kolási hefur félagið fest kaup á viðbótarlandssvæði, þar sem mögulegt er að bæta við 1-2 húsum að minnsta kosti. Verið er að kanna möguleika á frekari uppbyggingu á svæðinu.

Nýverið festi félagið kaup á húsi í orlofsbyggðinni að Einarstöðum á Héraði. Það hús fer í útleigu mjög fjótlega.

Auk sumarhúsanna á félagið tvær íbúðir við Furulund á Akureyri.

Vel búið að gestum

Heitur pottur og gasgrill eru við öll orlofshúsinn og inni eru sjónvarpstæki, hljómtæki, bækur og spil til afþreyingar. Komin er þráðlaus nettenging í öll húsinn. Sams konar útbúnaður er í íbúðunum á Akureyri, að því undanskildu að þar eru ekki heitir pottar.

Sjá nánari upplýsingar um húsinn og íbúðirnar á www.hlif.is. Bókun fer fram á mínum síðum.



Verð og skilmálar

Helgarleiga: 18.000 kr.

Vikuleiga: 26.000 kr.

Stórt hús, helgarleiga: 22.000 kr.

Stórt hús, vikuleiga: 34.000 kr.

Staðfestingargjald: 1.000 kr., þarf að greiða innan 48 klukkustunda (tveggja sólarhringa).

Leigusamningur er sendur á netfang leigutaka við lokagreiðslu.

Nýtt hús á Einarstöðum

Nýverið keypti Verkalýðsfélagið Hlíf orlofshús í orlofsbyggðinni að Einarstöðum á Héraði, steinsnar frá Egilsstöðum. Húsið var nýlega tekið í gegn og er í mjög góðu ásigkomulagi. Svæðið er mjög fjölskylduvænt. Nokkra tugi metra frá húsinnu er opinn leikvöllur fyrir börn og stutt er í alla þjónustu á Egilsstöðum.

Með kaupnum er meðal annars verið að bregðast við eftirspurn eftir orlofskostum víðar en í næsta nágrenni höfuðborgarsvæðisins.





Tímabil og úthlutunarreglur

Mismunandi reglur gilda um úthlutun og leigutíma eftir árstímum. Punktastaða umsækjenda ræður um páska og yfir sumarmánuðina, en á öðrum tíma-bilum gildir „fyrstur kemur – fyrstur fær“ reglan.

PÁSKAR:
Leigutímabil: 27.3.2024 – 3.4.2024
Umsóknartímabil: 2. – 16. febrúar 2024

SUMAR:
Leigutímabil: 24.5.2024 – 6.9.2024
Umsóknartímabil: 1. – 22. mars. 2024

JÓL:
Leigutímabil: 20.12.2024 – 27.12.2024
Umsóknartímabil: 4. – 18. október 2024

ÁRAMÓT:
Leigutímabil: 27.12.2024 – 3.1.2025
Umsóknartímabil: 4. – 18. október 2024

Leiðbeiningar fyrir gesti

UMGENGNISREGLUR

Við biðjum dvalargesti í húsum Hlífar að hafa eftirfarandi reglur í heiðri meðan á dvölinni stendur og þegar húsi er skilað.

- Hafa ekki gæludýr með, gæludýr eru bönnuð í húsum félagsins.
- Ganga úr skugga um að allt sé í lagi þegar komið er að og í húsið.
- Ef eitthvað er að, vinsamlega láta skrifstofu Hlífar vita, til að hægt sé að bæta úr.
- Ganga vel um húsið og umhverfið.
- Valda öðrum dvalargestum á svæðinu ekki ónæði.
- Skoða og fylgja leiðbeiningum um notkun á heita pottinum.
- Sjá til að allt sé á sínum stað við lok dvalar.
- Þrifa húsið – ryksuga og skúra.
- Þrifa bakaraofn, eldavél, ísskáp, hreinlætistæki, útigrill og heita pottinn.
- Taka og fjarlægja allt rusl.
- Loka öllum gluggum og dyrum og læsa tryggilega.
- Skila lykllum strax að dvöl lokinni á skrifstofu Hlífar.
- Láta skrifstofu Hlífar vita ef eitthvað skemmist eða brotnar meðan á dvölinni stendur, til að hægt sé að lagfæra það.



Almennar leigureglur

Framleiga bönnuð

- Húsið er leigt með húsgögnum, eldhúsbúnaði og öðrum lausamunum.
- Leigjandi þarf að hafa með sér handklæði, sápu og viskastykki. Einnig skal hafa með og nota sængurver, lök og koddaver fyrir alla sem sofa í húsinu.

Ábyrgð og bætur

- Hlífarfélagi sem skráður er leigjandi orlofseignar ber fulla ábyrgð á húsnæðinu og öllum búnaði í því meðan á leigutíma á hans nafni stendur og skuldbindur sig til að bæta allt tjón sem verða kann af hans völdum eða þeirra sem dvelja í húsinu á hans vegum.

Umgengnisreglur

- Leigjandi og gestir hans skulu ganga vel um hús og umhverfi, gæta þess að spilla ekki gróðri eða landi á nokkurn hátt, forðast hávaða með bílaumferð á orlofshúsasvæðinu og taka tillit til annarra gesta.

Þrif – Frágangur - Þrifagjald

- Leigjandi skal þrifa húsið við brottför og sjá um að hver hlutur sé á sínum stað. Sé því ábótavant áskilur Hlíf sér rétt til að innheimta sérstakt gjald fyrir þrif.

Skil

- Leigjandi skal loka, læsa og skila af sér orlofshúsi á uppgefnum tíma samkvæmt samningi og einnig skila lykllum eins og mælt er fyrir um.

Skemmdir - Tilkynningarskylda

- Leigjandi skal ef við á upplýsa skrifstofu Hlífar um skemmdir á hinu leigða, húsnæði eða búnaði, eða annað sem kann að skipta máli fyrir félagið eða næstu leigjendur.

Verðlaunakrossgáta

[illegible]

Heimili: _____

Lausnarorð: _____